MA ritgerð

Félagsráðgjöf til starfsréttinda

„Ég fór þetta bara á hnefanum“

Reynsla og upplifun barna af því að eiga foreldri í fangelsi

Svava Davíðsdóttir

Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnsdóttir
Aðstoðarleiðbeinandi: Berglind Ósk Filippíudóttir
Nóvember 2016

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

„Ég fór þetta bara á hnefanum“

Reynsla og upplifun barna af því að eiga foreldri í fangelsi

Svava Davíðsdóttir

301268-4169

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda

Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnsdóttir

Aðstoðarleiðbeinandi: Berglind Ósk Filippíudóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Nóvember 2016

„Ég fór þetta bara á hnefanum“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Svava Davíðsdóttir, 2016

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2016

Útdráttur

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða upplifun og reynslu barna af því að hafa átt foreldri í fangelsi. Einnig að skoða hvaða stuðningur hafi staðið þeim til boða og hvernig félagsráðgjafar gætu komið að vinnu með börnum fanga. Rannsóknin var framkvæmd með eigindlegri rannsóknaraðferð með þeim hætti að sjö einstaklingsviðtöl voru tekin. Viðmælendur áttu það sameiginlegt að hafa átt foreldri í fangelsi þegar þeir voru á barnsaldri. Meirihluti viðmælenda eða sex höfðu átt föður í fangelsi en einn viðmælandi hafði átt móður sem afplánaði dóm í fangelsi. Sex viðmælendur voru konur en einn þeirra var karl. Þegar viðtölin fóru fram í september og október 2016 voru viðmælendur á aldrinum 20-40 ára.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að börn fanga eiga við ýmsan sálfélagslegan vanda að stríða. Það birtist meðal annars í kvíða og þunglyndi. Stór áhrifaþáttur í vanlíðan viðmælenda var umfjöllun fjölmiðla um foreldra þeirra. Umræðan jók á fordóma og stimplun sem viðmælendur upplifðu. Þeim fannst almenningur ekki sýna skilning á þeim aðstæðum sem þau voru í. Viðmælendur upplifðu allir að engin sérstök aðstoð eða ráðgjöf hefði verið í boði fyrir þau. Þau voru einnig öll sammála um að slík aðstoð hefði verið vel þegin og líklega hjálpað þeim við að fóta sig í lífinu. Tillögur þeirra að aðstoð voru einstaklingsviðtöl við fagmanneskju og/eða hópvinna þar sem einstaklingurinn væri í hópi jafningja og gæti deilt reynslu sinni og upplifun.

Lykilorð: börn fanga, foreldrar, afleiðingar, fangelsi, afplánun.

Abstract

The main objective of the research was to understand the experiences and feelings of children who have parents that have been incarcerated. Furthermore, to see what kind of support the system has offered and to gain a better understanding on how social workers could possibly aid in working with children of prisoners. Qualitative research methods were used and interviews were conducted with seven individuals who had experienced parental incarceration during their childhood. The majority of the interviewees, in total six, had experienced having a father in prison and one had experienced having a mother in prison. Six of the interviewees were female and one male. When the interviews were conducted, in September and October 2016, the interviewees were at the age between 20 to 40 years old.

The findings of the research indicate that children of parents in prison deal with different psychosocial problems, for example anxiety and depression. Media coverage about their parents had a considerable impact in the distress of the interviewees. They felt the media debate about their parents increased intolerance against them and that the public did not sympathize with or fully understand the conditions relatives of a prisoner experience.

None of the interviewees were offered any assistance or support by the government and they all agreed that it would have been greatly appreciated and probably would have helped them obtaining a better life. When asked what kind of help they believed would be of most assistance, the interviewees suggested individual therapy sessions conducted by a professional and also group work where the person would be able to share their experiences and feelings in a group with other children that would have experienced similar things.

Key Words: Children of incarcerated parents, parents, consequences, prison, sentence.

Formáli

Rannsóknin er lokaverkefni í meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Verkefnið gildir 30 ECTS- einingar og var unnið á haustmánuðum árið 2016. Ég vil byrja á að þakka viðmælendum mínum fyrir þátttökuna og samstarfið. Án þeirra hefði verkefnið ekki litið dagsins ljós. Sérstaklega þakka ég þeim fyrir að gefa mér tíma og deila með mér persónulegri og erfiðri reynslu sinni. Steinunni Hrafnsdóttur og Berglindi Ósk Filippíudóttur leiðbeinendum þakka ég fyrir góðar ábendingar og gott samstarf. Móður minni Selmu Albertsdóttur þakka ég fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum allt námið og að lokum vil ég þakka eiginmanni mínum Braga Sverrissyni fyrir stuðning og þolinmæði við gerð verkefnisins. Ritgerðina vil ég tileinka öllum þeim börnum sem hafa átt foreldri í fangelsi.

Efnisyfirlit

Útdráttur **5**
Abstract **7**
Formáli **9**
Efnisyfirlit **11**
Töfluskrá **13**
Myndaskrá **14**
1 Inngangur **15**
1.1 Tilgangur og markmið rannsóknar 15
1.2 Mikilvægi rannsóknar 16
1.3 Skilgreiningar á hugtökum 17
1.4 Uppbygging ritgerðar 17
2 Fangar á Íslandi **19**
2.1 Fangelsin á Íslandi 19
2.2 Aðstandendur fanga 20
2.3 Fjölskyldustaða fanga 20
3 Kenningar og fyrri rannsóknir **23**
3.1 Sorg og sorgarviðbrögð 23
3.2 Stimplunarkenning 24
3.3 Vistfræðikenning Bronfenbrenners 25
3.4 Seigla 27
3.5 Staða þekkingar 28
4 Afleiðingar fangelsunar foreldris á barn **31**
4.1 Kvíði 31
4.2 Þunglyndi 32
4.3 Hegðunarvandkvæði 33
4.4 Tengsl og sjálfsmynd ungmenna 33
5 Félagsráðgjöf **35**
5.1 Stuðningur og úrræði til handa aðstandendum 36
5.1.1 Hópvinna *39*
5.1.2 Valdefling *40*
5.1.3 Fjármálaráðgjöf *41*

6 Aðferðafræði 43

6.1 Rannsóknaraðferðir 43
6.2 Gagnasöfnun 44
6.3 Úrtak 44
6.4 Þátttakendur 45
6.5 Framkvæmd rannsóknar 45
6.6 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknar 46

7 Niðurstöður 49

7.1 Bakgrunnur þátttakenda 49
7.2 Fjölskyldutengsl 50
7.3 Sálfélagslegir þættir 52

7.3.1 Kvíði 52
7.3.2 Þunglyndi 53
7.3.3 Einmanaleiki 54
7.3.4 Jákvæð upplifun 55

7.4 Stimplun og fjölmiðlar 56
7.5 Fjárhagsleg staða 59
7.6 Stuðningur / aðstoð 60

8 Umræða 65

8.1 Fjölskyldutengsl og fjárhagur 65
8.2 Sálfélagslegur vandi 66
8.3 Stimplun 68
8.4 Stuðningur 68
8.5 Félagsráðgjöf 69

9 Lokaorð 71
Heimildaskrá 73
Viðauki 1. Viðtalsvísir 81
Viðauki 2. Upplýst samþykki 83

Töfluskrá

Tafla 1. Meðalfjöldi fanga árin 2005-2013. 21

Myndaskrá

Mynd 1. Viðhorf barna og ungs fólks..... 30

1 Inngangur

Hópur sem lítið hefur verið fjallað um á Íslandi eru börn sem eiga foreldri eða foreldra í fangelsi. Vísað hefur verið til aðstandenda fanga, þar á meðal barna þeirra, sem *falinna fórnarlamba* sökum þess hve lítið er fjallað um málefni þeirra og hversu falinn vandi þeirra er. Þegar ástvinur fremur afbrot og er dæmdur til fangelsisvistar getur það verið áfall fyrir aðstandendur hans og því mikilvægt að koma til móts við þennan hóp til að koma í veg fyrir að áfallið verði varanlegt.

Rannsóknir á áhrifum afplánunar foreldris á börn hafa verið gerðar víða erlendis en engin slík rannsókn hefur verið gerð hér á landi. Niðurstöður slíkra rannsókna hafa leitt í ljós að börn fanga finna oft fyrir skömm og sektarkennd vegna gjörða foreldra sinna. Það væri áhugavert að vita hvort hér í okkar litla samfélagi glími aðstandendur fanga við sömu afleiðingar fangelsisvistar. Það er jákvætt fyrir samfélagið í heild að skoða hvaða áhrif það hefur á börn að eiga foreldri í fangelsi. Ef niðurstöður verða í samræmi við erlendar rannsóknir er þörf á stuðningi við börnin og aðstoð við að vinna úr þessari erfiðu reynslu. Það getur skipt sköpum fyrir þennan hóp að huga betur að honum, vekja athygli á málefnum hans í stað þess að hafa þau falin. Ef ekki er rætt opinskátt um málefni barna sem eiga foreldri í fangelsi getur það leitt til vanþekkingar og fordóma gagnvart þeim.

Ástæða fyrir vali höfundur á umfjöllunarefni er almennur áhugi á velferð barna. Sá hópur barna sem er til umfjöllunar hér hefur orðið útundan í opinberri umræðu og telur höfundur þörf á að vekja máls á málefnum barna sem eiga foreldri í fangelsi. Það getur stuðlað að aukinni þekkingu og samhliða dregið úr fordómum og stimplun innan samfélagsins.

1.1 Tilgangur og markmið rannsóknar

Ætlunin er að skoða upplifun og reynslu barna af því að eiga foreldri sem situr eða hefur setið í fangelsi. Hvaða áhrif hefur fangelsisvist foreldris á barnið í daglegu lífi og á framtíð þess? Er upplifun barnanna mismunandi eftir því hvort foreldrið sem afplánar fangelsisdóm er móðir barnsins eða faðir? Einnig er vert að kanna hvort niðurstöður erlendra rannsókna á sama málefni eigi einnig við um íslenska aðstandendur fanga.

Ætlunin er að svara rannsóknarspurningunum:

1. Hver er reynsla og upplifun barna af því að eiga foreldri í fangelsi?
2. Hvernig aðstoð/stuðning fá börn sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi?
3. Hvernig getur félagsráðgjafi komið að málefnum barna sem eiga foreldri í fangelsi?

Tilgangurinn með rannsókninni er að kanna hve mikil áhrif og þá hvernig áhrif fangelsisvist foreldris hefur á börn. Með slíkri vitneskju er hægt að grípa inn í og aðstoða viðkomandi að vinna úr áfallinu sem fangelsisvist foreldris getur valdið. Samfélagsleg stimplun getur leitt til félagslegrar einangrunar og vanlíðunar sem getur háð viðkomandi í framtíðinni (Seymour, 1998).

Einnig er líklegra að barn sem á föður eða móður sem setið hefur í fangelsi brjóti sjálft af sér í framtíðinni. Stærsti áhættuþátturinn fyrir afbrotahegðun barna og unglinga er fangelsun annars fjölskyldumeðlims eins og föður eða móður (Farrington, 1992; Olsen, 2014). Námsárangur þessa hóps virðist einnig lakari en annarra jafnaldra þeirra og því er mikilvægt að geta gripið tímanlega inn í svo hjálpa megi þessum einstaklinum að vinna með tilfinningar sínar sem gætu svo á móti hjálpað til við að bæta námsárangur þeirra (Hagan og Foster, 2012).

Börn og unglingar eru sérstaklega viðkvæmur hópur þegar kemur að fangelsun foreldris og því er umfjöllun um hann á opinberum vettvangi mikilvæg svo hægt sé að einhverju leyti að koma í veg fyrir fordóma og stimplun sem þessir einstaklingar verða fyrir (Phillips og Gates, 2011).

1.2 Mikilvægi rannsóknar

Á Íslandi hafa fáar rannsóknir verið gerðar sem lúta að reynslu og upplifun aðstandenda fanga og ekki hefur mikið borið á umfjöllun um börn sem eiga foreldri í fangelsi.

Samkvæmt erlendum rannsóknum upplifa börn fanga fordóma frá samfélaginu sem hamlar þeim í virkri samfélagslegri þátttöku. Þess vegna er áhugavert að kanna hvort upplifun barna fanga hér á landi sé með svipuðum hætti. Það er von höfundar að þessi rannsókn stuðli að opinberri umræðu um málefni barna sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi með það að markmiði að vinna gegn fordómum og styðja börnin til virkrar þátttöku í samfélaginu.

1.3 Skilgreiningar á hugtökum

Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga er skilgreining á hugtakinu *fangi* einstaklingur sem afplánar fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésektar eða sætir gæsluvarðhaldi.

Samkvæmt sömu lögum er skilgreiningin á hugtakinu *fangelsi,* stofnun þar sem vistaðir eru þeir sem afplána refsingar eða sæta gæsluvarðhaldi (Þingskjal 399, 2015–2016). Íslensk orðabók skilgreinir *aðstandanda* sem ættingja eða venslamann, einstaklingur sem stendur viðkomandi nærri (Íslensk orðabók, 2007). Niðurstöður rannsóknar á fjölskyldutengslum í fangelsisvist sem Berglind Ósk Filippíudóttir (2009) gerði sýna meðal annars að íslenskir fangar telja að móðir, faðir, systkini, börn, vinir, makar, ömmur og afar séu sínir nánustu aðstandendur.

1.4 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í níu kafla og eru þeir eftirfarandi:

Í kafla tvö er fjallað um fanga á Íslandi, aðstandendur þeirra og fjölskyldustöðu. Einnig er fjallað um fangelsin á Íslandi. Þriðji kafli hefur að geyma fræðilegan hluta ritgerðarinnar en þar er fjallað um kenningar og fyrri rannsóknir á upplifun barna sem eiga foreldri í fangelsi. Í fjórða kafla er umfjöllun um afleiðingar fangelsisvistar foreldris á börn þeirra.

Kafli fimm fjallar um félagsráðgjöf, hvert markmið hennar er og hvernig aðkoma félagsráðgjafa gæti verið háttað í vinnu með börnum sem eiga foreldri í fangelsi.

Sjötti kafli snýr að rannsóknaraðferðum og gagnasöfnun rannsóknarinnar. Þátttakendur eru kynntir og framkvæmd rannsóknarinnar útskýrð. Þá er komið inn á siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknar.

Í sjöunda kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram með beinum tilvitnunum úr viðtölunum við þátttakendur. Áttundi kafli lýtur að umræðum um niðurstöður sem eru settar fram í texta og tvinnaðar saman við fræðilega hluta ritgerðarinnar. Síðasti kaflinn inniheldur svo lokaorð höfundar þar sem hann setur vangaveltur sínar fram í samhengi við rannsóknina. Að lokum eru fylgiskjöl: Viðtalsvísir og afrit af upplýstu samþykki.

2 Fangar á Íslandi

Samnorræn rannsókn sem gerð var á högum fanga sýndi að flestir fangar á Norðurlöndunum eru karlmenn undir þrítugu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að meirihluti fanganna átti við sálfélagsleg vandamál að stríða svo sem slæma líkamlega og andlega heilsu, vímuefnavanda, áfengisvanda og þeir áttu oft í fjárhagslegum vanda. Flestir þeirra áttu stutta skólagöngu að baki og þeim hafði ekki tekist að vera virkir á vinnumarkaði (Manger, Eikeland, Asbjørnsen og Langelid, 2006).

Samsetning fangahópsins hefur þó verið að breytast á síðustu árum, eldri föngum hefur fjölgað og fleiri konur en áður koma í afplánun. Föngum sem hafa lengri menntun að baki er einnig að fjölga þó þeir séu ekki stór hluti af heildinni (Canadian Public Health Association, 2004). Á Íslandi er hlutfall fanga lægra en á Norðurlöndunum. Hér á landi eru um það bil 50 fangar á hverja 100 þúsund íbúa, samanborið við 70 á hverja 100 þúsund íbúa á hinum Norðurlöndunum. Á Íslandi afplána um það bil 150 fangar á hverjum tíma fyrir sig (Graunbøl, Kielstrup, Muiluvuori, Tyni, Baldursson, Guðmundsdóttir og Lindstén, 2010).

Í rannsókn Margrétar Sæmundsdóttur (2004) þar sem hún skoðar fjölskyldu- og félagslega stöðu fanga áður en til afplánunar kom og vímuefnasögu þeirra, kemur fram að munur virðist vera á félagslegri stöðu fanga og tegundar afbrots sem þeir frömdu. Þannig voru þeir sem frömdu innbrot eða þjófnað líklegri til að vera verr staddir félagslega en þeir sem frömdu annars konar afbrot. Þá er einnig hærri endurkomu tíðni hjá þessum hópi afbrotamanna. Þeir áttu oftar við fíkniefnavanda að stríða og höfðu lægra menntunarstig. Aftur á móti sýndu niðurstöður að afbrotamenn sem fremja kynferðisbrot og/eða fjársvik eru eldri einstaklingar og eiga yfirleitt ekki við fíknivanda að stríða. Þeir hafa flestir lengri skólagöngu að baki, voru í fastri vinnu, með fasta búsetu og voru oftar fjölskyldumenn.

2.1 Fangelsin á Íslandi

Á Íslandi eru fimm fangelsi þar af eru þrjú lokuð: Fangelsið að Hólmsheiði, Fangelsið Litla-Hraun og Fangelsið á Akureyri. Opin fangelsi eru tvö, Fangelsið að Sogni og Fangelsið á Kvíabryggju (Fangelsismálastofnun, e.d.-a).

Árið 2012 voru afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangar alls 148 og árið 2014 voru þeir 152 (Þingskjal 1462, 2014-2015). Fangar á Íslandi geta einnig, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, afplánað hluta refsidóms utan fangelsis. Fanginn býr þá á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti. Einnig getur fangi afplánað hjá félagasamtökunum Vernd. Markmiðið með afplánun hjá Vernd er meðal annars að fanganum gefist kostur á að aðlagast samfélaginu smám saman. Þá getur fangi afplánað dóm sinn í áfengismeðferð og/eða á öðrum sjúkrastofnunum (Fangelsismálastofnun, e.d.-b.)

2.2 Aðstandendur fanga

Í rannsókn Berglindar Óskar Filippíudóttur (2009) kom fram að fangar telja móður sína nánasta aðstandanda sinn og á eftir þeim tilgreina þeir maka sinn.

Fræðilegar rannsóknir horfa samt sem áður helst til tveggja hópa sem nánustu aðstandenda fanga en það eru makar og börn (Hairston, 2002).

Þegar horft er til barna sem eiga foreldri í fangelsi er mikilvægt að skoða líðan þeirra. Í skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) kemur fram að vellíðan barna og unglinga sé fólgin í að búa við líkamlega, andlega og félagslega farsæld. Andleg vellíðan og góð andleg heilsa sé undirstaða þess að lifa innihaldsríku lífi með því að vera virk í samfélaginu og að geta uppfyllt eigin þarfir og samtímis þarfir samfélagsins (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2016).

Sálfélagslegur vandi vísar annars vegar til innri þátta eins og til dæmis kvíða og þunglyndis og hins vegar til ytri þátta eins og hegðunarvandkvæða ýmiskonar. Almennt ríkir sá skilningur í samfélaginu að góð andleg líðan sé forsenda fyrir velgengni í lífinu (Raver, 2004; Shonkoff og Phillips, 2000).

2.3 Fjölskyldustaða fanga

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur fjöldi fanga á Íslandi aukist á síðustu árum eins og tafla eitt hér að neðan sýnir. Tölurnar sýna að það eru fleiri karlar en konur sem sæta refsivist í fangelsum landsins. Ætla má að hluti af föngunum séu foreldrar. Með aukningu á fjölda fanga má gera ráð fyrir að börnum sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi hafi einnig fjölgað. Tafla eitt sýnir að meðaltali fjölda fanga miðað við hverja 100 þúsund íbúa á Íslandi fyrir hvert ár frá árinu 2005 til ársins 2013.

Tafla 1. Meðalfjöldi fanga árin 2005-2013.

Árið	Karlar	Konur	Fangar alls
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2005	91	6	97
2006	93	4	97
2007	99	4	104
2008	112	6	118
2009	110	6	116
2010	130	4	134
2011	129	7	136
2012	119	5	124
2013	130	5	135

(Hagstofa Íslands, e.d.).

Bandarísk rannsókn sem skoðaði vanda sem steðjar að fjölskyldum fanga, meðan á afplánun stendur, sýndi fram á að það getur skipt máli fyrir barnið hvort foreldrið sem afplánar dóm í fangelsi sé faðir þess eða móðir. Samkvæmt rannsókninni hafa börnin oftar deilt heimili með mæðrum sínum en feðrum áður en til fangelsisvistar kemur. Þegar feður eru dæmdir til fangelsisvistar eru mæður oftast til staðar heima fyrir börnin en aftur á móti ef mæður eru dæmdar til fangelsisvistar fellur oft í hlut ömmu og afa að taka börnin að sér. Feður í fangelsi höfðu sjaldnar samskipti við börn sín en mæður áður en til afplánunar kom, á meðan á henni stóð og einnig eftir að henni lauk. Fjárhagsleg áhrif á heimilið geta hins vegar verið meiri þegar faðir er dæmdur til fangelsisvistar heldur en móðir í þeim tilfellum sem faðirinn hefur deilt heimili með barninu og verið aðalfyrirvinnan (Hairston, 2002).

3 Kenningar og fyrri rannsóknir

Við undirbúning og vinnslu rannsóknarinnar beitti höfundur kenningum og fræðilegum sjónarhornum til að fanga líðan og upplifun barna sem hafa átt foreldri í fangelsi.

Fyrst var horft til sorgar og sorgarviðbragða en börn sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi syrgja oft það foreldri sem er í afplánun. Því hefur stundum verið líkt við upplifun barna af því að foreldrar þess skilji eða að barn missi annað foreldri sitt (Holtslander, 2008; Schoenbauer, 1986). Stimplunarkenningin lýsir því hvernig einstaklingur upplifir sig stimplaðan af samfélaginu og hvaða áhrif það hefur á sjálfsmynd og sjálfsöryggi viðkomandi. Einstaklingurinn getur jafnvel farið að hegða sér eins og hann upplifir að samfélagið líti á hann (Becker,1963; Jón Gunnar Bernburg, 2005; Jón Gunnar Bernburg, 2009; Miller,2006; Ritzez, 1980). Þá var einnig horft til vistfræðikenningar Bronfenbrenner en með henni lýsir hann áhrifum samspils einstaklinga og umhverfisþátta á þroska viðkomandi. Samkvæmt kenningunni er mikilvægt fyrir einstakling sem býr við sálfélagslega erfiðleika að búa einnig við verndandi þætti (Bronfenbrenner, 1979). Hugtakið seigla var skoðað en það vísar í eiginleika hvers einstaklings til að aðlaga sig að erfiðum aðstæðum (Bateson, 1972). Að lokum eru niðurstöður úr fyrri rannsóknum um málefnið skoðaðar.

3.1 Sorg og sorgarviðbrögð

Rannsóknir hafa sýnt að sorg er ein af mörgum tilfinningum sem börn fanga upplifa. Margir ólíkir þættir eru taldir hafa áhrif á sorgarviðbrögð eins og til dæmis menningarlegir þættir, þroski einstaklingsins, persónuleiki og bjargráð syrgjandans (Seymour, 1998; Stroebe, Hanson, Schut og Stroebe, 2011).

Sorg getur fylgt fangelsisvist foreldris, jafnvel geta börn sem eiga foreldri í afplánun upplifað svipaðan missi og börn sem missa foreldra sína við dauða eða skilnað. Börnum fanga er samt sem áður ekki sýndur sami stuðningur og hluttekning og börnum sem missa foreldra sína af öðrum ástæðum (Schoenbauer, 1986).

Sorgareinkenni geta verið einstaklingsbundin og misjafnt hversu sterk þau eru og hve lengi þau vara. Algengast er að einkennin séu sterkust í byrjun og dvíni svo með tímanum

(Weiss, 2011). Sorgarviðbrögðum hefur verið skipt upp í tvo flokka: Annars vegar eðlileg sorgarviðbrögð (e. *normal grief*) sem flestir upplifa og hins vegar flókin sorgarviðbrögð (e. *complicated grief*). Sorgarviðbrögðin eru talin flókin þegar þau hafa verið langvarandi og hafa haft hamlandi áhrif á einstaklinginn (Stroebe o.fl., 2011). Sálfræðingurinn Johan Cullberg (1990) setti fram kenningu um fjögur stig áfalla eða andlegrar kreppu. Þau eru loststig, viðbragðsstig, úrvinnslustig og skilningsstig. Samkvæmt kenningunni ganga einstaklingar í gegnum þessi fjögur stig þegar þeir verða fyrir áfalli og upplifa í kjölfarið áfallakreppu. Áfallakreppa á sér stað þegar einstaklingur upplifir sig bjargalausan, viðbrögð hans og fyrri reynsla nýtist ekki við að vinna úr áfallinu. Áfallakreppa vísar til þess að skyndilegt álag ógni félagslegri öryggiskennd einstaklingsins, lífi hans og grundvallarþörfum.

Vegna þess hve aðstandendur afbrotamanna fá litla samúð eða eru jafnvel dæmdir af samfélaginu getur það orðið til þess að þeir leyni sorg sinni og skömm. Sú leynd getur leitt til mögnunar á einkennum eins og örvæntingu, vonleysi og bjargleysi (Hamsund og Sandvik, 2010; King, 2004).

3.2 Stimplunarkenning

Þegar áhrif þess að eiga foreldri í fangelsi eru skoðuð er hægt að horfa til stimplunarkenningarinnar og hvernig má yfirfæra hana á börn.

Börn sem eiga foreldri í fangelsi finna talsvert fyrir stimplun í samfélaginu vegna tengsla þeirra við afbrotamenn. Þau eru frekar ung þegar þau átta sig á viðhorfum samfélagins til afbrotamanna og fanga, því geta þau upplifað skömm vegna þess að þau eiga foreldri í fangelsi (Miller,2006).

Þegar stimplunarkenningin (e. *labeling theory*) er skoðuð eru tvö meginhugtök sem skipta máli en það eru brennimerking (e. *stigma*) og spegilsjálfið (e. *looking glass self*). Þegar einstaklingur upplifir sig stimplaðan eða brennimerktan er hætta á að hann dragi sig til hlés félagslega og upplifi sig minna virði en aðrir (Becker, 1963). Spegilsjálfið vísar svo í hvernig einstaklingur upplifir að aðrir sjái hann. Þegar upplifunin er neikvæð sér einstaklingurinn sjálfan sig einnig með neikvæðum augum. Stimplunin hefur bæði áhrif á hvernig samfélagið sér einstaklinginn sem er barn sem á foreldri í fangelsi og einnig hvernig barnið sér sjálfan sig í samfélaginu. Stimplunin hefur áhrif á viðkomandi og það

er ekki alltaf auðvelt að ná af sér þeim stimpli (Becker, 1963; Jón Gunnar Bernburg, 2005; Jón Gunnar Bernburg, 2009; Ritzes, 1980).

Félagsfræðingar hafa skipt stimplun í formlega og óformlega stimplun. Formleg stimplun vísar þá í stimplun stofnana sem hafa hlutverk taumhalds á borgurunum eins og til dæmis þegar foreldri er fangelsað þá er búið að stimpla foreldrið sem afbrotamann (Ward, 1971). Óformleg stimplun vísar til stimplunar sem einstaklingar verða fyrir að hálfu foreldra, kennara og jafningja í nærumhverfinu. Þetta eru þeir sem taka þátt í að móta sjálfsmynd einstaklingsins. Þá er einstaklingur stimplaður fyrir ákveðna hegðun foreldris síns. Þetta getur haft áhrif á félagslega stöðu viðkomandi og sjálfstraust (Jón Gunnar Bernburg, 2009).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á stimplunarkenningunni og hafa einhverjar þeirra bent á að stimplun hafi áhrif á áframhaldandi frávikshegðun á meðan aðrar hafa haldið því fram að stimplun dragi úr áhrifum. Gagnrýnendur hafa haldið því fram að þeir sem valdameiri eru í samfélaginu verði fyrir minni áhrifum stimplunar en þeir sem eiga erfiðara félagslega. Valdameiri hópurinn brjóti þannig á viðmiðum samfélagsins án þess að vera sóttur til saka og oft án þess að nokkur taki eftir því (Liska og Messner, 1999).

Rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum til að kanna reynslu barna sem áttu foreldri í fangelsi leiddi í ljós að öll börnin fundu fyrir persónulegri stimplun og fordómum í samfélaginu. Það að börnin upplifðu stimplun leiddi til þess að sjálfsálit þeirra beið hnekki og orsakaði jafnvel andfélagslega hegðun (Krupat, Gaynes og Lincroft, 2011).

Samkvæmt Phillips og Gates (2011) upplifa börn fanga stimplun frá samfélaginu. Tilfinningar eins og ótti og kvíði geta verið afleiðing af stimpluninni sem svo aftur leiðir til félagslegrar einangrunar. Þetta verður til þess að einstaklingarnir sem upplifa stimplun eiga erfiðara með að leita sér hjálpar og sitja þar af leiðandi einir með þær tilfinningar og hegðun sem geta fylgt því að eiga foreldri í fangelsi.

3.3 Vistfræðikenning Bronfenbrenners

Samkvæmt vistfræðikenningu (e. *ecological theory*) Bronfenbrenners eru margvíslegir félagslegir þættir sem hafa áhrif á þroska hvers og eins til dæmis foreldrar, skóli og samfélagið í heild sinni.

Kenningin skýrir samspil barnsins og umhverfis í þroskaferlinu. Umhverfið og áhrif þess eru mikilvæg þroska barna og unglinga. Ef áhrifin eru neikvæð eins og til dæmis upplifun barns af því að eiga foreldri í fangelsi skiptir máli á hvaða aldri barnið er og eins hversu lengi áhrifin vara. Þessi tími getur verið áhrifaríkur í aðlögun og þroskaferli barnsins. Eftir því sem barnið er yngra því meiri getur truflun á þroskaferil þess orðið. Það skiptir einnig máli hve sterk neikvæðu áhrifin eru (Bronfenbrenner, 1979; Seymour, 1998). Með því að skoða samverkun á áhættuþáttum og svo verndandi þáttum í lífi barnsins má sjá flókin tengsl einstaklings og umhverfis sem móta þroska barnsins (Bronfenbrenner, 1979). Bronfenbrenner heldur því fram að samfélagið samanstandi af mörgum flóknum kerfum sem hann skiptir upp í fimm svið eða kerfi. Það eru nærkerfi (e. *microsystems*), miðkerfi (e. *mesosystems*), stofnanakerfi (e. *exosystems*), heildarkerfi (e. *macrosystems*) og lífkerfi (e. *chronosystems*) (Berk, 2009; Bronfenbrenner, 1979). Með nærkerfi er vísað í nánasta umhverfi barnsins eins og foreldra, systkini, skólafélaga og kennara. Hvert barn getur verið í fleiri en einu nærkerfi í einu og kerfunum fjölgar samhliða því að barnið eldist. Þegar barnið kemst á skólaaldur fjölgar kerfunum sem það færist á milli. Til dæmis með því að stunda tómstundir, eiga vinahóp og svo framvegis. Til að stuðla að jákvæðri þroskaaðlögun þurfa samskiptin innan kerfisins að einkennast af góðum tengslum, hlýju, hvatningu og leiðsögn (Bronfenbrenner, 1979).

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldri í fangelsi geta átt við bæði tilfinningalegan og líkamlegan vanda að etja og einnig ýmis hegðunarvandkvæði og erfiðleika í skóla. Þá er mikilvægt að fagaðilar sem umgangast barnið daglega viti og kunni að svara erfiðum spurningum sem barnið kann að bera upp (Shlafer og Scrignoli, 2015). Innan nærkerfisins eru samskipti sem mynda næsta lag sem er miðkerfi. Það er mikilvægt samkvæmt Bronfenbrenner (1986) að þessi kerfi tengist vel.

Þriðja kerfið er svo stofnanakerfið innan þess eru hinar ýmsu stofnanir eins og til dæmis skóla-, félags-, fangelsis- og heilbrigðiskerfið. Þetta eru kerfi sem barnið hefur ekki bein samskipti við en þau hafa samt áhrif á það. Þessu kerfi tilheyra meðal annars vinnustaðir foreldra og fangelsisstofnanir þar sem ákvarðanir eru teknar sem geta haft mikil áhrif á líf og þroska barnsins. Fjórða kerfið er svo heildarkerfi en það heldur utan um öll kerfin og inniheldur þætti eins og menningu og gildismat samfélagsins. Þar má finna ríkjandi viðhorf til barna og stjórnkerfis landsins. Þessir þættir hafa áhrif á nærkerfi

einstaklingsins (Bronfenbrenner, 1979). Lífkerfið er svo fimmta kerfið en það gengur þvert á hin kerfin. Það inniheldur áhrif skammtímabreytinga og/eða atvik sem verða í umhverfi barnsins sem hafa áhrif á þroska þess. Þar er meðal annars verið að vísa í innri og ytri breytingar sem verða þegar barnið þroskast og verður unglingur, einnig fjölskyldugerð og efnahaginn sem barnið býr við (Bronfenbrenner, 1994).

Rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldri í fangelsi bjuggu við óöruggar uppeldisaðstæður og þau urðu vör við að fjárhagsleg staða heimilisins var erfiðari eftir að annað foreldrið fór í fangelsi. Þetta jók á óöryggi þeirra og ýtti þar með undir félagslega einangrun (Murray, Farrington og Sekol, 2012).

3.4 Seigla

Hugtakið seigla (e. *resilience*) vísar til hæfni hvers einstaklings til að aðlagast og þroskast þrátt fyrir erfiðleika. Hugtakið kom fyrst fram á 6. áratug 20. aldar og hefur verið notað sem samlíking við fyrri hugmyndir manna um hæfni einstaklingsins að aðlagast aðstæðum sínum þrátt fyrir erfiðleika, einstaklingurinn sýnir jákvæða aðlögun (Bateson, 1972).

Anthony (1987) var með þeim fyrstu sem komu fram með hugtakið *seiglu.* Hann taldi að seigla lægi alfarið innra með einstaklingnum svo sem eins og sjálfstraust og trú á eigin getu til að takast á við erfiðleika. Hann hélt því fram að stuðningur umhverfisins hefði þau áhrif að hann drægi úr neikvæðum áhrifum og með því kæmi á jafnvægi. Áhrifin birtust einnig í því að þau virkja innra ferli varnarviðbragða hvers einstaklings.

Seinni rannsóknir hurfu frá því að telja einstaklingsþætti vera allsráðandi og gerðu þær frekar ráð fyrir að samspil umhverfis og einstaklings hefðu helst áhrif á afdrif einstaklinga í erfiðum aðstæðum. Niðurstöður rannsókna sýndu að hluti þeirra barna sem ólust upp við erfið skilyrði komust ágætlega af (Ungar 2011).

Samkvæmt Luthar, Ciccetti og Becker (2000) er *seigla* tveggja póla hugtak sem vísar í feril sem felur í sér annars vegar upplifun einstaklinga af erfiðleikum eða mótlæti og hins vegar í aðlögunarhæfni einstaklingsins.

Í langtíma rannsókn sem gerð var á meðal barna sem ólust upp við erfiðar félagslegar aðstæður kom í ljós að hluti barnanna komst ágætlega af þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Skýringin var talin liggja í verndandi þáttum sem virtust auka líkurnar á að þau kæmust ágætlega af. Þeir verndandi þættir sem vísað er í eru fjölmargir en megin flokkarnir þrír

eru: færni og persónuleiki barnsins, fjölskylda barnsins og einstaklingar sem eru jákvæðar fyrirmyndir barnsins. *Seigla* verður til við reynslu einstaklingsins en einnig skiptir stuðningur máli við að takast á við erfiðleika sem hann gengur í gegnum (Masten og Reed, 2005; Rutter, 1987; Ungar, 2011).

Jákvæð aðlögun vísar til þess að einstaklingar mennti sig, stundi atvinnu og standi sig almennt vel í lífinu. Fræðimenn eru þó ekki sammála um hversu góða aðlögun börn þurfa að sýna framá til að teljast búa yfir seiglu. Það ber að hafa í huga að seigla getur birst á einu sviði eins og til dæmis að barn standi sig vel í skóla en getur átt við vanlíðan að stríða á öðrum sviðum. Þá getur seigla einnig birst á mismunandi tímabilum lífsins en þarf ekki að vera viðvarandi (Prevatt, 2003).

Í ástralskri rannsókn lýstu börn sem eiga foreldri í fangelsi jákvæðri reynslu sinni af því að eiga foreldri í fangelsi, sem fólst í meira sjálfstrausti og meiri viðleitni til sjálfsbjargar (Saunders og Mcarthur, 2013).

3.5 Staða þekkingar

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldri í fangelsi geta átt við bæði tilfinningalegan og líkamlegan vanda að etja, svo sem ýmis hegðunarvandkvæði, kvíða, þunglyndi og erfiðleika í skóla. Fagaðilar sem koma að barninu á hverjum degi þurfa að hafa þekkingu á málefninu og getu til að veita barninu viðeigandi stuðning (Shlafer og Scrignoli, 2015).

Samkvæmt Seymour (1998) eru helstu tilfinningar sem börn fanga upplifa, ótti, kvíði, reiði, sorg, einmannaleiki og sektarkennd. Þau geta einnig glímt við hegðunarerfiðleika sem getur haft áhrif á námsárangur þeirra svo dæmi sé tekið.

Bandarísk langtímarannsókn á námsárangri barna sem eiga foreldri í fangelsi sýndi fram á að líklegra er að börn fanga hætti í skóla. Námsárangur þessara barna miðað við jafnaldra þeirra sem ekki eiga foreldri í fangelsi er lakari (Hagan og Foster, 2012). Börn fanga verða fyrir stimplun (e. *social stigma*) af hálfu samfélagsins sem getur leitt til félagslegrar einangrunar. Samkvæmt Seymour (1998) koma málefni barna sem eiga foreldri í fangelsi oftar inn á borð barnaverndaryfirvalda en þeirra sem eiga ekki foreldri í fangelsi. Það hefur þó áhrif hversu náið samband er á milli barnsins og foreldrisins sem situr af sér dóm í fangelsi, hvers eðlis afbrotið var, lengd dóms sem foreldrið hefur fengið,

stuðningur frá öðrum fjölskyldumeðlimum og stuðningur frá samfélaginu. Oft er fjölskylda fangans í fjárhagserfiðleikum vegna þess að tekjur heimilisins skerðast um helming þegar önnur fyrirvinnan eða jafnvel aðalfyrirvinnan fer í burtu og það hefur áhrif á barnið. Samkvæmt rannsókninni eru börn foreldra í fangelsi í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu (Seymour, 1998). Dönsk rannsókn sýnir samskonar niðurstöður, það er að segja að börn sem eiga foreldri í fangelsi búa oft við fjárhagslegan skort og eiga við félagslega erfiðleika að etja (Olsen, 2014).

Rannsókn þar sem niðurstöður úr sextán rannsóknum voru teknar saman sýndi að börn sem eiga foreldri í fangelsi eru í tvöfalt meiri hættu á að glíma við hegðunarvanda. Þó er tekið fram að í engri af þessum sextán rannsóknum var hegðun barnanna skoðuð áður en foreldrið var fangelsað heldur voru borin saman börn sem áttu foreldri í fangelsi og svo aftur börn sem áttu ekki foreldri í fangelsi. Sá samanburður sýndi að börn sem áttu foreldra í fangelsi glímdu frekar við félagslega erfiðleika en samanburðarhópurinn. Samantektarrannsóknin sýndi að þegar foreldri er fangelsað skapar það miklar breytingar í lífi barns og helstu áhættuþættir gætu verið andfélagsleg hegðun og geðræn vandkvæði (Murray, Farrington, Sekol og Olsen, 2009).

Í samantektarrannsókn sem var gerð á fjörtíu rannsóknum um málefnið voru börn sem áttu foreldri í fangelsi 7,374 talsins og í samanburðarhópnum voru 37,325 börn sem áttu ekki foreldri í fangelsi. Niðurstöður sýndu að börnin sem áttu foreldra í fangelsi sýndu frekar andfélagslega hegðun en áttu ekki frekar við geðræn vandkvæði að stríða en samanburðarhópurinn. Þau áttu ekki frekar í námserfiðleikum en jafnaldrar þeirra en áttu erfiðara uppdráttar félagslega. Þau upplifðu það sem áfall þegar foreldrar þeirra voru dæmdir og fangelsaðir. Börnin bjuggu við óöruggar uppeldisaðstæður og þau skiptu oft um skóla. Þau sýndu aðskilnaðarkvíða, fundu fyrir einmanaleika og upplifðu stimplun frá öðrum. Þau upplifðu að þeim væri ekki sagt satt og að útskýringar á fjarveru foreldris væru misvísandi sem getur leitt til óöryggis. Börnin urðu vör við að fjárhagsleg innkoma á heimili þeirra dróst saman sem jók óöryggi þeirra og ýtti undir félagslega einangrun (Murray, Farrington og Sekol, 2012). Börn fanga hafa sýnt sjálfskaðandi hegðun og þau eru líklegri til að neyta fíkniefna en börn sem eiga ekki foreldri í fangelsi (Miller, 2006; Woodward, 2003).

Samkvæmt ástralskri rannsókn, þar sem skoðuð voru áhrif fangelsisvistar foreldris á börn kom fram að slík reynsla gæti leitt til meira sjálfstæðis barnanna. Þó er því haldið fram að meira sjálfstæði sé tilkomið vegna þess að börnin hafi þurft að bjarga sér meira sjálf. Ef þau skammast sín fyrir aðstæður sínar eiga þau erfitt með að biðja um hjálp eða tala við aðra um reynslu sína (Saunders og Mcarthur, 2013).

Skýringarmynd 1 er byggð á samskonar mynd sem birtist í ástralskri rannsókn og er ætlað að sýna þá þætti sem hafa áhrif á börn sem eiga foreldri í fangelsi. Myndin er byggð á viðhorfum barna og ungs fólks sem tóku þátt í rannsókninni, það er að segja til þeirra þátta sem þau töldu hafa hvað mestu áhrifin á sig og líf sitt. Í viðtölum við þátttakendur komu eftirfarandi þættir fram:

Mynd 1. Viðhorf barna og ungs fólks (Saunders og Mcarthur, 2013).

Skrifaðar hafa verið bækur fyrir börn til að hjálpa þeim að skilja aðstæður sínar til dæmis við skilnað foreldra, lát foreldris og ættleiðingu. Engar bækur hafa hins vegar verið skrifaðar sem hjálpa börnum að takast á við þær tilfinningar sem fylgja því að eiga foreldri í fangelsi. Slíkar bækur gætu einnig komið að góðum notum til að útskýra fyrir jafnöldrum þær aðstæður sem börn glíma við sem eiga foreldri í fangelsi (Shlafer og Scrignoli, 2015).

4 Afleiðingar fangelsunar foreldris á barn

Eins og rannsóknir hafa sýnt geta afleiðingarnar á börn fanga verið ýmiskonar, þar á meðal hafa börnin átt við kvíða og þunglyndi að stríða (Seymour, 1998).

Röskun á þroskaferli barns getur leitt til geðræns vanda. Algengast er að barn sem verður fyrir röskun á þroska sýni einkenni þunglyndis og upplifi depurð og kvíða. Ef ekki er veitt viðunandi aðstoð vegna þessa getur það leitt til frekari geðrænna vandkvæða seinna á lífsleiðinni (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

4.1 Kvíði

Sálrænn vandi er skilgreindur sem bæði eða annað hvort úthverfur vandi eða innhverfur vandi. Með úthverfum vanda er vísað til hegðunarvanda og vímuefnavanda. Innhverfur vandi er aftur á móti vandi sem barnið glímir við innra með sér eins og til dæmis kvíði, þunglyndi eða hlédrægni. Innhverfur vandi er ekki eins sýnilegur og úthverfur vandi og því meiri hætta á að hann sé ómeðhöndlaður (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004).

Það telst eðlilegt að einstaklingar finni fyrir kvíða á lífsleiðinni þegar og ef aðstæður gefa tilefni til. Það telst aftur á móti afbrigðilegt ef einstaklingur finnur aldrei fyrir kvíða á lífsleiðinni. Kvíði er tilfinning sem er hluti af því að lifa og starfa í samfélagi. Slíkur kvíði getur verið hvetjandi í námi og starfi einstaklings. Ekki er þörf á að grípa inn í kvíða af þessu tagi. Kvíði getur samt sem áður farið úr böndunum og ef hann er farinn að hafa hamlandi áhrif á líf viðkomandi hættir hann þá að teljast hvetjandi. Slíkur kvíði getur skert lífsgæði viðkomandi og hefur mikil áhrif á nánasta umhverfi hans. Kvíði er skilgreindur sem sterk óróleikakennd eða hræðsla án þess að einstaklingurinn sé í sjáanlegum háska eða hafi tilefni til að halda að hann sé í hættu. Hann einkennist meðal annars af spennu, svita og auknum hjartslætti (Tómas Zoega, 2001).

Almenn kvíðaröskun er algengasta tegund kvíðaraskana. Hún er jafnframt alvarleg og oft langvarandi. Sá sem þjáist af almennri kvíðaröskun er sífellt spenntur, kvíðinn og óttasleginn. Fylgifiskur almennar kvíðaröskunar eru sífelldar áhyggjur og ótti við að eitthvað gerist sem á ekki endilega við nein rök að styðjast. Viðkomandi er þungt fyrir

brjósti, svitnar og hefur hraðan hjartslátt, er óglatt og finnur fyrir þurrki í munni (American Psychiatric Association, 2013).

Ofsakvíði er einnig alvarleg kvíðaröskun. Þeir sem þjást af honum finna fyrir ofsafengnum ótta og halda jafnvel að þeir séu að deyja. Eiga erfitt með að ná andanum og finnst þeir vera að kafna. Ofsakvíði eða felmtursröskun eins og hann er einnig nefndur greinist þegar viðkomandi fær ítrekuð og óvænt kvíðaköst. Þá er kvíðinn farinn að hamla daglegu lífi einstaklinga (American Psychiatric Association, 2013).

Börn fanga eru líklegri samkvæmt rannsóknum til að glíma við þunglyndi og/eða kvíða. Börn sem glíma við þunglyndi og/eða kvíða er mun hættara við að búa yfir lélegri sjálfsmynd og þau eiga frekar við hegðunartengdan vanda að stríða en jafnaldrar þeirra sem eiga ekki foreldri í fangelsi (Smith og Jakobsen, 2010).

4.2 Þunglyndi

Þunglyndi er ekki einungis að vera dapur eða niðurdreginn heldur geta alvarlegri einkenni fylgt eins og til dæmis breytingar á hugsunum, líkamsviðbrögðum og hegðun viðkomandi (Inga Hrefna Jónsdóttir, Rósa María Guðmundsdóttir, Vera Siemsen og Þórunn Gunnarsdóttir, 2010).

Einstaklingur sem þjáist af þunglyndi upplifir að ekkert sé ánægjulegt lengur, jafnvel að lífið sé ekki þess virði að lifa því. Einstaklingurinn upplifir sig minna virði en aðrir og finnst jafnvel að ekkert sé nógu gott sem hann gerir. Vonleysið getur orðið algjört og hugsanir snúast um hve allt sé vonlaust og eigi aldrei eftir að breytast. Kvíðatilfinning fylgir nær alltaf þunglyndi og jafnvel geta sjálfsvígshugsanir komið upp hjá viðkomandi einstaklingi (Inga Hrefna Jónsdóttir, Rósa María Guðmundsdóttir, Vera Siemsen og Þórunn Gunnarsdóttir, 2010).

Aukning hefur orðið á greiningum þunglyndis hjá börnum og unglingum og virðist verða talsverð aukning þegar unglingar ná kynþroska (Eiríkur Örn Arnarson, 2001; Eiríkur Örn Arnarson, 2010). Einnig virðist sem stúlkur séu í meiri áhættu en drengir að greinast með þunglyndi (Kamkar, Doyle og Markiewicz, 2012). Ef barn þjáist af þunglyndi getur það haft alvarlegar afleiðingar á félagslega virkni þess. Ómeðhöndlað þunglyndi á barns- og/eða unglingsárum getur tengst geðröskunum á fullorðinsárum viðkomandi (Embætti

Landlæknis, 2012). Hjá börnum sem greinast með þunglyndi er algengt að vanlíðanin komi fram sem hegðunarvandi (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

4.3 Hegðunarvandkvæði

Rannsóknir hafa sýnt að vanlíðan drengja komi frekar fram sem hegðunarvandi (e. *external*) en hjá stúlkum komi vanlíðan frekar fram sem sálrænn vandi (e. *internal*) (Coleman og Hagell, 2007). Börn sem búa hjá foreldri sem er dæmt til fangelsunar og afplánar dóm í kjölfarið er hættara við að glíma við hegðunarvanda seinna meir en börnum sem búa ekki við slíkar aðstæður (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

Með hegðunarvanda er átt við að barnið sé hvatvíst, fari ekki eftir reglum, eigi í erfiðleikum með að halda athygli og/eða sé dagdreymið (Paola Scommegna, 2014). Rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldri í fangelsi hafa átt í hegðunarvanda eins og til dæmis sjálfskaðandi hegðun (Miller, 2006; Woodward, 2003).

Börn sem búa við erfiðar fjölskylduaðstæður eru líklegri til að eiga í hegðunarvanda seinna á lífsleiðinni. Hegðunarvandi getur verið mildur og varðað lygar barna, skróp í skóla og að brjóta útivistarreglur. Börn sem eiga við erfiðari hegðunarvanda að stríða geta valdið sjálfum sér og öðrum skaða með hegðun sinni. Þá er vandinn orðinn alvarlegri og þörf á íhlutun fagaðila og félagsmálayfirvalda. Afleiðingar hegðunarvanda geta verið lágt sjálfsmat sem brýst út í reiði við samfélagið og viðmið þess (Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, 2004). Murray, Farrington og Sekol (2012) benda á að stimplun geti haft áhrif á hegðunarvanda barna sem eiga foreldri í fangelsi.

4.4 Tengsl og sjálfsmynd ungmenna

Sjálfsmynd er einkenni einstaklingsins. Hún sýnir eiginleika, möguleika og takmarkanir á líkamlegu og andlegu sjálfi. Sjálfsmyndin birtist í bæði meðvituðum og ómeðvituðum hugsunum, tilfinningum, hvötum, óskum og viðhorfum (Blos, 1962).

Ef sjálfsmynd ungs fólks er léleg er það líklegra til að lenda í vandræðum með að takast á við erfiðleika sem það verður fyrir í lífinu heldur en þeir sem hafa sterka sjálfsmynd. Líklegt má teljast að unglingar með lítið sjálfstraust skorti staðfestu til að takast á við verkefni sem þeim eru falin. Að hafa sterka sjálfsmynd merkir ekki að fólk ofmeti sjálft sig eða líti stórt á sig heldur að það geri sér grein fyrir að það hafi hæfileika

og einnig takmarkanir (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001; Bernal og Knight, 1993).

Í rannsókn sem gerð var árið 1997 á sjálfsmynd barna og unglinga kemur fram mikilvægi góðra tengsla á milli foreldra og barna þeirra. Mikil og góð tengsl hafa samkvæmt rannsókninni jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna. Ef barnið er í góðum tengslum við bæði móður sína og föður er það líklegra til að eiga í góðum samskiptum við jafnaldra sína (Dekovic og Meeus, 1997).

Dönsk rannsókn sýndi fram á að börn sem eiga foreldri í fangelsi og búa þess vegna við veik fjölskyldutengsl er hættara við að fara að hegða sér á sama hátt og foreldrið sem hefur brotið af sér. Þannig getur vítahringur myndast sem erfitt getur verið að brjótast út úr (Olsen, 2014). Börn sem eiga foreldri í fangelsi syrgja oft tækifærið til að mynda náin tengsl við foreldrið sem situr í afplánun. Góð tengsl á milli foreldra og barna geta haft áhrif á framtíðarmöguleika barnanna (Berk, 2009). Börnin finna fyrir sektarkennd og eiga það jafnvel til að kenna foreldrinu sem er heima um afbrotið að hluta eða öllu leyti (King, 2004).

5 Félagsráðgjöf

Félagsráðgjafar hafa þau meginmarkmið að aðstoða einstaklinga sem eiga við persónuleg og félagsleg vandamál að stríða og koma í veg fyrir félagslegt ranglæti (Erla Þórðardóttir, 1999).

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu á félagsráðgjöf byggir félagsráðgjöf á reynslu og fræðum sem stuðla að félagslegum breytingum og þróun, félagslegri samheldni, sjálfseflingu og frelsi einstaklingsins. Meginreglur samfélagslegs réttlætis, mannréttindi, samfélagsleg ábyrgð og virðing fyrir fjölbreytileika er aðal áhersla félagsráðgjafar. Grunnurinn byggist á kenningum í félagsráðgjöf, félagsvísindum, hugvísindum og upprunalegri þekkingu. Félagsráðgjöf tengir saman fólk og býr til umhverfi til að takast á við áskoranir lífsins og ýta undir velferð (International association of schools of social work, 2014).

Árið 1997 voru siðareglur félagsráðgjafa á Íslandi birtar og eru þær afrakstur starfs siðanefndar sem hóf störf árið 1993. Tilgangurinn með þeim er að vera fagmanninum til leiðbeiningar og stuðnings í starfi. Þær tryggja einnig hagsmuni skjólstæðinga en það eru hagsmunir þeirra að félagsráðgjafinn viðhafi fagleg og góð vinnubrögð (Erla Þórðardóttir, 1999). Í siðareglunum segir meðal annars: *Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu.* Þar segir einnig í fyrstu málsgrein að félagsráðgjafar skuli rækja starf sitt án manngreiningarálits og skuli virða réttindi hverrar manneskju (Félagsráðgjafafélagið, e.d.).

Félagsráðgjafar læra í námi sínu að vinna með ólíkum hópum í samfélaginu. Áhersla er lögð á að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar þar sem honum eru fengin verkfæri til að vinna úr sínum málum á sem farsælastan hátt. Þá er heildarsýn höfð að leiðarljósi þar sem mál einstaklingsins eru skoðuð út frá umhverfi hans og tengslum. Í því felst að félagsráðgjafinn lítur á skjólstæðing sinn í samhengi við hans nánasta umhverfi eins og til dæmis fjölskyldu, vini og skóla. Félagsráðgjafinn hefur einnig í huga að hver og einn einstaklingur er margbreytilegur en umfram allt einstakur (Lára Björnsdóttir, 2006).

Félagsráðgjöf hefur skilning á greiningu á ytri og innri aðstæðum, hindrunum og lausnamöguleikum. Vandinn er greindur út frá samhengi og skilgreiningu á forsendum, úrræðum og styrkleikum. Með slíkum vinnubrögðum er greiningarvinna byggð á heildrænni sýn kerfisnálgunar í félagsráðgjöf (Sigrún Júlíusdóttir, 2006-a).

Börn eru háð ytri kerfum eins og til dæmis umhverfi þeirra, fjölskyldu og skóla. Það er ekki þar með sagt að rót vanda þeirra liggi þar heldur hafa þau áhrif á þroska barna. Skilningur á líðan barna er því með tilliti til þessara kerfa. Hluti vandans og lausn hans gætu einnig verið að leita innan þessara kerfa. Það er styrkleiki félagsráðgjafarinnar að taka tillit til og reikna með að kerfin hafi áhrif á einstaklinginn og að þau séu höfð til hliðsjónar þegar orsaka og lausna er leitað. Félagsráðgjöf gerir ráð fyrir að geðrænn vandi eins og til dæmis þunglyndi og kvíði barna eigi sér fjölþætta rót og þess vegna þurfi að leysa vandann með fjölþættum hætti (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

5.1 Stuðningur og úrræði til handa aðstandendum

Þeir þættir sem fjallað hefur verið um hér að framan sýna að börn sem hafa átt foreldri í fangelsi eru í áhættuhóp. Rannsóknir hafa leitt í ljós að afbrot og afplánun foreldris getur haft víðtækar afleiðingar fyrir börn þeirra. Niðurstöður rannsókna sýna að það þykir full ástæða til að veita börnum sem hafa átt foreldri í fangelsi stuðning, ráðgjöf og jafnvel meðferð sem hefði það að markmiði að draga úr afleiðingum þess að eiga foreldri sem afplánar dóm í fangelsi (Hardy og Snowden, 2010).

Höfundur tók viðtal við Dögg Hilmarsdóttur, félagsráðgjafa hjá Fangelsismálastofnun í mars 2015 þar kom fram að hjá Fangelsismálastofnun eru starfandi tveir félagsráðgjafar. Samkvæmt starfslýsingu þeirra ber þeim ekki skylda til að boða aðstandendur á sinn fund, þó er það reynt ef fangi eða aðstandendur óska sérstaklega eftir því. Dögg tiltók að dæmi um þjónustu sem hægt væri að auka hjá Fangelsismálastofnun væri að boða til og halda reglulega fjölskyldufundi, þar væri farið yfir aðstæður fjölskyldunnar heima fyrir, fjárhagsstöðu og hvernig börnunum gengur í skóla. Þá væri einnig hægt að auka samstarf barnaverndar og félagsráðgjafa innan fangelsismálastofnunar sérstaklega þegar um langa fangelsisvist foreldris er að ræða (Dögg Hilmarsdóttir munnleg heimild, 10. mars 2015).

Fullorðnir aðstandendur vita oft ekki hvert þeir eiga að snúa sér til að leita upplýsinga varðandi fangavist ástvinar þeirra og þar af leiðandi fá börnin ekki upplýsingar um hvert þau geta snúið sér. Rannsókn sem gerð var á Íslandi árið 2009 leiddi til dæmis í ljós að aðstandendur vissu ekki að félagsráðgjafar á vegum Fangelsismálastofnunar gætu veitt þeim aðstoð. Þessum upplýsingum var ekki komið til þeirra (Berglind Ósk Filippíudóttir, 2009). Það hefur ekki verið gert ráð fyrir aðstandendum fanga og börnum þeirra í kerfinu og því er framboð á stuðningi eða aðstoð af skornum skammti (Lög nr. 49/2005). Rannsóknir hafa sýnt

að börn sem hafa átt foreldri í fangelsi upplifa sig oft í þörf fyrir stuðning og jafnvel sérstaka aðstoð frá til dæmis félagsþjónustunni og/eða skólakerfinu. Aðstoðin sem þau fá er samt sem áður ekki mikil og þeim finnst oft vera lítill skilningur á þeirri stöðu sem þau eru í (Poehlmann, Dallaire, Loper og Shear, 2010).

Skólakerfið sinnir ekki þörfum barna sem eiga foreldri í afplánun. Börn sem eiga foreldra sem slíta samvistum mæta skilningi og samúð á meðan börn sem eiga foreldri í afplánun finna fyrir bæði skömm og sektarkennd (Codd, 2008). Í bæði Barnaverndarlögum og Barnalögum er ekki gert ráð fyrir börnum sem eiga foreldri í fangelsi en þar er bæði fjallað um börn sem hafa misst foreldri eða eiga foreldra sem slíta samvistum. Þar er einnig tekið tillit til aðstæðna barns ef beita þarf forsjársviptingu og fela öðrum umönnun barnsins tímabundið (Barnalög nr. 76/2003; Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Til að börn foreldra í afplánun geti tekist á við áfallið og aðstæður sínar er mikilvægt að þau fái umönnun, þau þurfa einnig að fá tækifæri til að þroska og viðhalda tilfinningasamböndum sínum. Það er mikilvægt að þau fái stuðning og ekki síður skilning á aðstæðum sínum frá fjölskyldu sinni, kennurum, samnemendum og samfélaginu öllu. Ef þessir verndandi þættir eru til staðar á barnið auðveldara með að þróa með sér jákvætt þroskaferli (Pizzolongo og Hunter, 2011).

Samfélagið gæti sýnt stuðning með því að viðurkenna stöðu barnanna og ekki síður sýna þeim skilning á þeim missi sem þau hafa orðið fyrir en ekki stimpla þau fyrir það sem foreldrar þeirra hafa gert. Stuðningur frá samfélaginu gæti auðveldað börnum sem eiga foreldri í fangelsi að takast á við stöðu sína og þau áhrif sem þessi reynsla hefur á þau (La Vigne, Davies og Brazzell, 2008).

Börn sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi finnst einnig gott að hitta og tala við jafningja sína sem deila sömu reynslu. Það væru þá börn á svipuðum aldri sem vita hvað þau eru að ganga í gegnum því þau hafa persónulega reynslu af því sjálf (Hansen, Arvesen og Tonholm, 2013). Einnig getur verið gott fyrir börnin að tala við fullorðinn aðila sem hlustar og viðurkennir tilfinningar þeirra. Það getur verið léttir að fá útrás fyrir tilfinningarnar sem reynsla þeirra vekur. Það getur einnig reynst árangursríkt að fá börnin til að tjá sig með því að skrifa sögu sína eða teikna mynd sem lýsir reynslu þeirra og líðan (Sigurður Pálsson, 1998).

Þegar áföll dynja yfir í lífi einstaklings er brýnt að grípa inn í sem fyrst. Þá getur verið að fagleg og markviss viðtöl myndu duga ágætlega ef vel væri staðið að málum. Viðtölin gætu

komið í veg fyrir að vandinn aukist og hafi afleiðingar sem geta reynst einstaklingi hamlandi í daglegu lífi. Því er mikilvægt bæði út frá sjónarhóli einstaklingsins og samfélagsins að bregðast við sem fyrst. Ef vandinn er orðinn svo alvarlegur að ekki reynist unnt að leysa hann með viðtölum er brýnt að senda einstaklinginn til fagaðila sem hefur bæði menntun og getu til að greina vandann og vinna með hann (Sigrún Júlíusdóttir, 2006-b).

Félagsráðgjafar eru fagstétt sem geta veitt börnum og fjölskyldum þeirra sem eru í vanda heildrænan stuðning og ráðgjöf. Í námi sínu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands hafa félagsráðgjafarnemar kynnt sér lög og reglur sem gilda hér á landi og þeir hafa einnig kynnt sér íslenska velferðarkerfið. Félagsráðgjafar starfa víða í samfélaginu og á meðal annars starfa þeir innan dóms og réttarkerfisins, í skólum og á heilbrigðissviði (Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir, 2008). Skólafélagsráðgjafar veita nemendum og fjölskyldum þeirra persónulega ráðgjöf. Þeir veita kennurum handleiðslu og eru málsvarar nemenda. Innan skólafélagsráðgjafar er lögð áhersla á að allt það sem hefur truflandi áhrif á nám og lífsgæði barna séu hindranir sem félagsráðgjafinn stefnir á að fjarlægja (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2009).

Félagsráðgjafar hafa það hlutverk að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur við að leysa vandamál sem upp kunna að koma á ævi einstaklings. Þeir nota heildarsýn og horfa til allra þátta í umhverfi einstaklingsins og/eða fjölskyldunnar og beita svo faglegri þekkingu sinni til að veita viðeigandi stuðning, ráðgjöf og meðferð (Farley, Smith og Boyle, 2009; Sigrún Júlíusdóttir, 2006-b; Vigdís Jónsdóttir, 2006).

Þegar einstaklingur hefur orðið fyrir áfalli og/eða sorg nýtist sérfræðiþekking félagsráðgjafa vel til að vinna með viðkomandi einstaklingi og fjölskyldu hans (DeBruin, 2012). Þeir nota mismunandi vinnuaðferðir, horfa og lesa í aðstæður einstaklingsins. Skjólstæðingar félagsráðgjafa gefa oft vísbendingar um líðan sína með líkamstjáningu og með því fylgjast félagsráðgjafar (Heath, Leavy, Hansen, Ryan og Lawre, 2008).

Eins og fram hefur komið eiga félagsráðgjafar sér siðareglur og í þeim kemur fram að þeim ber að vinna með heildarsýn (e. *holistic view*) að leiðarljósi. Þeir byggja starf sitt á fræðilegum kenningum, rannsóknum og starfsreynslu sinni í félagsráðgjöf (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Kenningar nota þeir til að skýra aðstæður og vandamál skjólstæðinga sinna og auka þar með skilning sinn á aðstæðum einstaklingsins. Meðal kenninga sem félagsráðgjafar styðjast við eru vistfræðikenningar en þær útskýra hvernig bæði innra og ytra umhverfi hefur áhrif á

einstaklinginn. Þá skoða þeir bæði frá hvers konar umhverfi einstaklingurinn kemur og einnig fjölskyldu hans, stofnanir sem hann á í daglegum samskiptum við eins og til dæmis skóla eða vinnustað. Félagsráðgjafinn hefur heildarsýn að leiðarljósi við vinnu með einstaklingnum. Atburðir geta gerst sem hafa þau áhrif að aðstæður í fjölskyldum breytast og þá þurfa fjölskyldur að endurskipuleggja líf sitt (Gústavsdóttir og Piltz, 1995; Oko, 2008; Thompson, 2009; Vigdís Jónsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafar þurfa að gera sér grein fyrir að fjölskyldur geta búið við misjafnar aðstæður. Hver einstaklingur innan fjölskyldunnar og samfélagslegir þættir geta haft áhrif á líf og vanda sem við er að glíma hverju sinni. Félagsráðgjafar þurfa að horfa til og skilja vanda einstaklingsins í ljósi samfélagslegra þátta og geta spornað við þróun samfélagsvanda. (Sigrún Júlíusdóttir, 2006-b). Þetta eru einmitt þættir sem vistfræðikenningar horfa til, það er að segja samspil einstaklings, fjölskyldu og samfélagsins í heild (Bronfenbrenner, 1979). Félagsráðgjafar hjálpa einstaklingum við að finna styrkleika sína og virkja þá. Með öðrum orðum þá efla þeir einstaklinginn til sjálfshjálpar (Farley o.fl., 2009; Vigdís Jónsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafar sem vinna með börnum sem eiga foreldri í fangelsi þurfa að þekkja til þeirra aðstæðna sem barnið býr við. Þeir þurfa að þekkja til refsivörslukerfisins og geta nálgast börnin með heildrænum hætti með öll kerfin í huga sem hafa áhrif á líf þeirra. Þeir þurfa að veita börnunum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf þegar þörf er á, hvort sem foreldrið hefur lokið afplánun eða á meðan á afplánun stendur (Child Welfare Information Gateway, 2015).

5.1.1 Hópvinna

Skjólstæðingar hafa mismunandi reynslu að baki og það þurfa félagsráðgjafar að hafa hugfast í vinnu sinni með þeim. Í vinnu sinni með skjólstæðingum þurfa félagsráðgjafar alltaf að leggja áherslu á fagleg vinnubrögð með heildarsýn að leiðarljósi. Það er mikilvægt að efla skjólstæðinginn til sjálfshjálpar og hvetja hann til að taka þátt í að finna lausn á vandanum, frekar en að horfa eingöngu til vandans sem um ræðir (Sigrún Júlíusdóttir, 2006-a).

Hópvinna getur reynst árangursrík aðferð við að aðstoða skjólstæðinga félagsráðgjafa. Aðferðin byggir á þörf mannsins til að vera í samskiptum við aðra og þá sérstaklega einstaklinga sem deila sömu/svipaðri reynslu. Hópvinnan getur hjálpað einstakling við að ná markmiðum sínum í hóp. Aðferðin getur aukið félagsfærni einstaklingsins, hún getur einnig virkað sem stuðningur fyrir einstaklinginn frá jafningjum og hjálpað honum við að auka persónulegan þroska sinn. Hlutverk félagsráðgjafans er þá að skipuleggja hópstarfið, vinna að

undirbúningi og sjá til þess að allir fái jöfn tækifæri til að tjá sig. Það er mikilvægt að félagsráðgjafinn hafi þekkingu á viðfangsefni hópsins og þeim vanda sem ætla má að verði ræddur innan hópsins. Það tekur mislangan tíma að stilla saman hóp og það er ekki reglubundið hvernig hópnum tekst að þróa sig og verða vel starfshæfur. Þetta verður félagsráðgjafinn að hafa í huga og vera vel meðvitaður um þau stig sem hópurinn gengur í gegnum og á hvaða stigi hann er staddur hverju sinni. Þannig getur hann brugðist sem best við misjöfnum aðstæðum hverju sinni (Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, 2006; Farley o.fl., 2009). Einnig þarf hann að fylgjast með hvernig samskiptum innan og utan hópsins er háttað, hann þarf líka að beina athyglinni að ferli samskiptanna (Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir, 2010).

Hópstarf fyrir aðstandendur fanga getur reynst gagnlegt því þar geta þeir talað um reynslu sína innan um jafningja sem hafa sömu reynslu að baki. Með því fá þeir hvatningu, samúð og skilning á stöðu sinni frá einstaklingum sem hafa upplifað það sama og þeir (Hardy og Snowden, 2010).

5.1.2 Valdefling

Önnur aðferð sem félagsráðgjafar nota til að hjálpa skjólstæðingum sínum til sjálfshjálpar er valdefling (e. *empowerment*).

Aðferðin gengur út á að hjálpa einstaklingnum við að hjálpa sér sjálfur og þá verða félagsráðgjafar að gæta þess að gera það ekki fyrir þá heldur einungis hvetja þá áfram. Valdefling getur hentað einstaklingum misvel eins og aðrar aðferðir og það verða félagsráðgjafar að hafa hugfast (Adams, 1996). Með valdeflingu virkja félagsráðgjafar einstaklinginn til sjálfshjálpar sem einhverra hluta vegna hefur orðið undir í lífinu vegna ákveðinna aðstæðna. Hugtakið valdefling varð til og þróaðist út frá fagumræðu, þróunarstarfi og rannsóknum í félagsráðgjöf. Þar er lögð áhersla á að einstaklingurinn byggi sjálfan sig upp til að hann verði betur í stakk búinn til að takast á við áskoranir með opnum hug og jákvæðni. Fagfólk notar þekkingu sína og reynslu, aðferðir og kenningar til að virkja einstaklinginn til þátttöku í eigin lífi. Þetta er samvinna á milli fagfólks og einstaklingsins (Payne, 2005; Sigrún Júlíusdóttir, 2006-b).

Þessi aðferð ásamt öðrum gætu reynst börnum fanga vel við að takast á við þær aðstæður sem fylgja því að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi. Siðareglur félagsráðgjafa segja að félagsráðgjöfum beri að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins, vinna með skjólstæðingum

þar sem þeir eru staddir, gæta hagsmuna þeirra og hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin lífi. Hlutverk félagsráðgjafa er meðal annars að sporna gegn félagslegu ranglæti, veita skjólstæðingum upplýsingar um réttindi þeirra, skyldur og úrræði þeim til handa og möguleika á aðstoð. Félagsráðgjafar vinna að lausn persónulegra og félagslegra vandamála sem skjólstæðingur þeirra glímir við (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

5.1.3 Fjármálaráðgjöf

Fjölskyldan sem eftir situr þegar meðlimur hennar er fangelsaður á oft í fjárhagserfiðleikum sem hefur áhrif á barnið/börnin. Tekjur fjölskyldunnar hafa skerst um jafnvel helming þegar annar aðilinn sem ber ábyrgð á lífsafkomu barnsins fer í fangelsi. Það getur haft áhrif á börnin þegar fjölskyldan glímir við fjárhagserfiðleika (Seymour, 1998).

Það getur aukið við óöryggi og félagslega einangrun hjá börnum fanga þegar þau upplifa miklar breytingar á fjárhag heimilisins (Murray, Farrington og Sekol, 2012). Það er kveðið á um það í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að í hverju sveitarfélagi skuli vera starfandi félagsmálanefnd sem hefur það hlutverk meðal annars að veita ráðgjöf, upplýsingar og stuðning til þeirra sem þurfa á því að halda, hvort sem um ræðir persónulegan eða félagslegan vanda einstaklingsins. Í hverri félagsmálanefnd skal leitast við að hafa einn félagsráðgjafa eða einstakling sem hefur sambærilega menntun. Í sömu lögum kemur fram að sveitarfélögum er skylt að veita þeim sem ekki geta séð sér og sínum farborða fjárhagsaðstoð. Í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð kemur fram að einstaklingur sem afplánar dóm í fangelsi á ekki rétt á fjárhagsaðstoð en hins vegar á fjölskyldan sem eftir situr rétt á henni ef tekjur heimilisins eru undir viðmiðunarmörkum. Viðkomandi þarf þá að eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Önnur úrræði svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar skulu einnig veitt í eðlilegum tengslum við fjárhagsaðstoð (Lög nr. 40/1991; Reykjavíkurborg, e.d.).

Rannsóknir hafa sýnt að félagsráðgjafi er vel til þess fallinn að veita einstaklingum fjármálaráðgjöf. Félagsráðgjafinn hefur þekkingu á velferðakerfinu og getur því með þekkingu sinni og menntun veitt stuðning og ráðgjöf hvað varðar fjarmál einstaklingsins. Félagsráðgjafar koma auga á og vinna með persónulegan og félagslegan vanda einstaklingsins. Þeir þekkja mannlega hegðun í félagslegu umhverfi og hafa þekkingu á hvernig má nálgast úrræði, styrki og bætur. Þeir geta hjálpað einstaklingnum með lága tekjuinnkomu að ná tökum á tekjunum, gera áætlanir og þeir geta veitt skjólstæðingum sínum fræðslu (Despard og Chowa, 2010).

6 Aðferðafræði

Tilgangurinn með rannsókninni var að skoða reynslu og upplifun íslenskra barna af því að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi, hvaða stuðningur hefur staðið þeim til boða og hvernig félagsráðgjafar gætu komið að vinnu með börnum sem hafa átt foreldri í fangelsi.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á ýmiskonar erfiðleika sem börni fanga eiga við að etja. Ætlunin var að skoða hvort því sé eins eða svipað farið hér á landi. Hér á eftir verður rannsóknaraðferðinni lýst. Útskýrt er hvernig staðið var að gagnasöfnun og vali á úrtaki og fjallað um bakgrunn þátttakenda í rannsókninni. Einnig er framkvæmd rannsóknar útskýrð og siðferðileg álitamál reifuð.

6.1 Rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðir sem aðallega er unnið út frá innan félagsvísinda eru tvær, annars vegar megindlegar rannsóknaraðferðir (e. *quantitative*) og hins vegar eigindlegar rannsóknar-aðferðir (e. *qualitative*) (Padgett, 2008).

Eigindleg rannsóknaraðferð hentar vel til að mæla huglæga þætti eins og leitast verður við að gera í þessari rannsókn. Megindlegar rannsóknaraðferðir henta betur þegar mæla á magn og hlutföll samanburðarhæfra þátta og henta því ekki eins vel þegar skoða á persónulega upplifun einstaklinga (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Það er ekki lagt upp með ákveðna tilgátu í eigindlegum rannsóknaraðferðum eins og gert er í megindlegum rannsóknum heldur einkennast eigindlegar rannsóknir af ferli sem ekki er fyrirfram ákveðið og niðurstöður rannsóknar birtast samhliða gagnaöflun (Padgett, 2008). Þegar eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar geta komið upp ólík sjónarhorn sem erfitt getur verið að túlka og setja fram þegar rannsóknarspurningarnar eru ekki settar fram með ákveðnum stöðluðum svörum eins og gert er í megindlegum aðferðum. Hins vegar hafa eigindlegar aðferðir það fram yfir megindlegar aðferðir að geta dýpkað skilning á félagslegum fyrirbærum. Nálægðin við viðmælendur gerir það einnig að verkum að rannsakandinn getur túlkað látbragð, þögn og líkamstjáningu á meðan á viðtali stendur (Esterberg, 2002).

Í þessari rannsókn er markmiðið að skoða upplifun barna af því að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi og því varð eigindleg rannsóknaraðferð fyrir valinu.

6.2 Gagnasöfnun

Framsetning gagna getur skipt miklu máli þegar skoða á réttmæti niðurstaðna. Öflun gagna getur farið fram með nokkrum aðferðum þegar notuð er eigindleg rannsóknaraðferð eins og til dæmis með viðtölum og greiningu fyrirliggjandi gagna (Padgett, 2008).

Við öflun og greiningu gagna verður stuðst við fyrirbærafræði (e. *phenomenology*). Með fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð er leitast við að skilja einstaklinga og persónulega reynslu þeirra. Markmiðið með aðferðinni er að rannsaka og lýsa fyrirbærum eins og mannlegri reynslu og upplifun eins og einstaklingurinn/rannsóknarviðfangið upplifir hana. Með því að nota fyrirbærafræði er samspil á öllum stigum rannsóknarinnar á milli gagnasöfnunar og greiningar á þeim. Rannsakandi þarf þó að hafa í huga að þátttakendur eru fáir og markmiðið með rannsókninni er aldrei að alhæfa heldur eingöngu að dýpka skilning og auka þekkingu á ákveðnu fyrirbæri. Litið er á viðmælendur sem meðrannsakendur þar sem gagnasöfnun fer fram með samræðum á milli rannsakanda og viðmælanda. Þegar viðmælendur eru valdir er mikilvægt að þeir búi yfir ákveðinni persónulegri reynslu af því fyrirbæri sem ætlunin er að skoða. Hver viðmælandi býr yfir mikilvægum upplýsingum og litið er á hann af virðingu, hlýju og hógværð (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Í þessari rannsókn væri þá fyrirbærið sameiginleg persónuleg reynsla af því að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi.

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl (e. *semi-structured*). Útbúinn var viðtalsvísir sem stuðst var við. Viðtalsvísirinn var settur upp með opnum spurningum um bakgrunn þátttakenda, búsetu, fjölskylduhagi, skóla, atvinnu, áhugamál, framfærslu, tengsla innan fjölskyldu og núverandi félagslega stöðu. Í viðtölunum var lögð áhersla á að viðmælandinn hefði tækifæri til að tjá sig óhindrað um upplifun sína og reynslu. Viðmælandi var beðin um að lýsa reynslu sinni eins ítarlega og hann gat og hugleiða í leiðinni hvaða merkingu reynslan hafði fyrir hann. Viðtölin voru tekin upp á segulband, afrituð nákvæmlega í tölvu og kóðuð (e. *coding*). Þetta er mikilvægur liður í að þemagreina. Eftir þemagreiningu fór fram greining á viðtölunum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Með þemagreiningu er átt við að viðtölin eru greind og í þeim eru fundin ákveðin sameiginleg þemu eða þættir. Þemun eru svo flokkuð niður í undirþemu og yfirþemu (Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013).

6.3 Úrtak

Reynt var að fá viðmælendur með markvissu úrtaki þar sem leitast var eftir þátttöku þeirra í ákveðnum hóp á samskiptamiðlinum Facebook (Padgett, 2008). Stjórnandi hópsins

Aðstandendur fanga setti inn auglýsingu þar sem auglýst var eftir þátttakendum fyrir hönd höfundar. Aðeins höfðu tveir viðmælendur samband eftir að auglýsingin var birt á síðunni. Þeir þátttakendur sem gáfu sig fram bentu sjálfir á einstaklinga sem þeir þekktu og svo koll af kolli þar til komnir voru sjö einstaklingar sem vildu taka þátt í rannsókninni.

Það er kallað snjóboltaúrtak þegar þátttakendur benda á þann næsta og svo koll af kolli. Þessi aðferð getur reynst árangursrík þegar erfitt getur verið að nálgast þátttakendur. Sú hætta fylgir þessari aðferð við að velja úrtak að það verði of einsleitt. Það eykur hættuna á skekkju (e. *elite bias*) í úrtakinu. Þegar notast er við snjóboltaúrtak getur það einnig stefnt nafnleynd í hættu en aðferðin getur samt sem áður reynst vel þegar erfitt getur verið að ná í viðmælendur eins og var í þessu tilfelli (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

6.4 Þátttakendur

Hópurinn á það sameiginlegt að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi.

Skilyrði til þátttöku í rannsókninni var að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi en einnig þurftu þátttakendur að hafa náð átján ára aldri. Þeir voru allir á bilinu 20 til 40 ára gamlir þegar þeir tóku þátt. Hópurinn skiptist þannig að sex þátttakendur voru konur og einn viðmælandi var karl. Sex viðmælendur höfðu átt föður í fangelsi en einn hafði átt móður sem afplánaði fangelsisdóm. Afplánun og dómar voru tilkomnir vegna ýmiskonar afbrota eins og fjárglæpa, fíkniefnaglæpa, kynferðisglæpa og manndráps. Mislangur tími var síðan foreldri hafði afplánað dóm en viðmælendur voru allir á barnsaldri eða 6 til 15 ára gamlir þegar afplánun foreldris hófst. Foreldrar viðmælanda höfðu allir lokið afplánun nema einn faðir var undir rafrænu eftirliti. Tveir foreldrar voru látnir þegar viðtölin fóru fram. Viðtölin voru mislöng, allt frá þrjátíu mínútum og upp í einn og hálfan klukkutíma. Viðmælendur fengu allir dulnefni því eru það ekki þeirra réttu nöfn sem verða notuð hér eftir.

6.5 Framkvæmd rannsóknar

Vinna við rannsóknina hófst við fræðilega gagnasöfnun og gerð rannsóknaráætlunar vorið 2016. Viðtalsvísir var gerður í ágúst 2016 og viðtöl tekin við viðmælendur í september og október sama ár.

Rannsakandi hitti viðmælendur ýmist á Þjóðarbókhlöðunni eða á heimili þátttakenda. Lagt var upp með að hafa viðtalsvísirinn með opnum spurningum svo viðmælendur gætu óhindrað tjáð sig um reynslu sína og upplifun. Viðtölin voru jafnóðum afrituð og rannsakandi las þau oft

yfir. Eitt skjal var haft fyrir hvert viðtal þar sem haft var pláss á spássíum fyrir athugasemdir rannsakanda. Við kóðun var notast við litaþema þar sem hvert þema var litað ákveðnum lit. Til dæmis var *kvíði* litað með bláum lit, *þunglyndi* með gulum og svo koll af kolli.

Við greiningu á viðtölunum var notast við opna kóðun. Sú aðferð felur í sér að rannsakandi les hvert og eitt viðtal margsinnis yfir. Með því er reynt að sjá ákveðin þemu eða þætti sem fram komu. Með þessari aðferð er leitast við að sjá þá þætti sem eru sameiginlegir og einnig þá sem ekki eru sameiginlegir í viðtölunum. Það er mikilvægt fyrir rannsakanda að gera þetta með opnum hug og hafa ekki fyrirfram ákveðnar skoðanir á flokkun (Esterberg, 2002).

6.6 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknar

Rannsakandi notaðist við dagbókarskrif í gegnum rannsóknina þar sem skráð var niður hvert skref fyrir sig. Til að tryggja gæði rannsóknarinnar var notuð þríþætt nálgun, viðtöl, dagbók og fyrri rannsóknir (Padgett, 2008).

Eins og áður hefur komið fram er hætt á að úrtakið verði einsleitt þegar notast er við snjóboltaúrtaksaðferðina. Þeir þátttakendur sem tóku þátt gerðu það allir sjálfviljugir og þá veltir rannsakandi fyrir sér hvort sá hópur sem ekki náðist í hafi aðra sögu að segja.

Allir viðmælendur undirrituðu upplýst samþykki þar sem fram kom að fyllsta trúnaðar yrði gætt og að nafnleynd yrði virt. Þátttakendur fengu dulnefni til að koma í veg fyrir að þeir þekkist (Padgett, 2008). Upplýst samþykki er einnig leið rannsakandans við að útskýra eðli og markmið rannsóknarinnar á heiðarlegan hátt fyrir viðmælendum. Þetta ætti að auka gagnkvæmt traust á milli rannsakanda og viðmælenda hans (Sigurður Kristinsson, 2013).

Fjórar höfuðreglur gilda í siðfræði heilbrigðisgreina sem höfundi finnst vert að nefna. Höfuðreglurnar eru kenndar við *sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti*. *Sjálfræðisreglan* (e. *the principle of respect for autonomy*) fjallar um rétt hverrar manneskju til að fyrir henni sé borin virðing og sjálfræði hennar. Hún snýr að því að krafa sé gerð um upplýst samþykki viðmælenda og að slíkt samþykki sé ekki þvingað fram. Það þarf að koma skýrt fram að viðmælanda sé heimilt að hætta þátttöku hvenær sem er og að honum sé heimilt að neita að svara einstaka spurningum. Viðmælandinn þarf að gefa upplýst samþykki þar sem hann samþykkir að taka þátt í rannsókninni. *Skaðleysisreglan* (e. *the principle of non-maleficence*) kveður á um að rannsakendur skuli umfram allt ekki valda viðmælendum sínum skaða. Rannsóknin má ekki fela í sér ónauðsynlegan skaða fyrir viðmælendur og skal rannsakandi

ganga úr skugga um að áhætta fyrir viðmælendur sé ekki utan viðunandi marka. Þriðja reglan *velgjörðareglan* (e. *the principle of beneficence*) fjallar um þá skyldu rannsakenda að láta gott af sér leiða og til þess þarf að velja leiðir sem minnstu fórna. Fjórða og síðasta reglan er *réttlætisreglan* (e. *the principle of justice*) sem kveður á um þá kröfu að þeir hópar sem hafa veikari stöðu eins og til dæmis þeir sem búa við fátækt, vistmenn á stofnunum, fangar og börn, séu verndaðir fyrir áhættu (Sigurður Kristinsson, 2013).

Þar sem viðmælendur voru 18 ára eða eldri var ekki þörf á að hafa hliðverði í rannsókninni. Leiðbeinendur verksins voru Steinunn Hrafnsdóttir og Berglind Ósk Filippíudóttir. Viðmælendur áttu þess kost að fá viðtal hjá Berglindi Ósk Filippíudóttur félagsráðgjafa eftir að viðtölin höfðu farið fram ef þeir töldu þörf á því, hluti viðmælenda nýtti sér það. Rannsakandi setti sig í samband við viðmælendur um það bil mánuði eftir að viðtölin voru tekin til að athuga með upplifun þeirra af þátttöku í rannsókninni og líðan þeirra eftir að hafa rifjað upp erfiða tíma.

Rannsakandi reyndi eftir fremsta megni að vera hlutlaus þegar hann aflaði gagna og einnig þegar þemagreining eða kóðun átti sér stað (Padgett, 2008).

Vegna eðlis rannsóknarinnar var nægjanlegt að tilkynna hana til Persónuverndar en með því var gagnsæi rannsóknarinnar aukið, ekki var þörf á að sækja um sérstakt leyfi (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000).

Takmörkun rannsóknarinnar felst í að ekki reynist unnt að alhæfa um niðurstöður hennar þar sem viðmælendur voru fáir eða aðeins sjö. Markmiðið er frekar að auka skilning á reynslu og upplifun þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Með tilliti til þessa viðkvæma hóps sem tóku þátt í gerð þessarar rannsóknar voru allir þessir þættir hafðir til hliðsjónar við vinnslu hennar.

7 Niðurstöður

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður úr viðtölum kynntar. Þar sem rannsóknin er eigindleg og fjöldi þátttakenda var sjö manns er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður en vissulega gefa niðurstöðurnar til kynna ákveðna sameiginlega þætti.

Þættirnir sem fjallað er um í þessum kafla eru: Bakgrunnur þátttakenda, tengsl við foreldri sem afplánaði fangelsisdóm, tengsl við það foreldri sem sat ekki í fangelsi, sálfélagslegir þættir og fjölmiðlaumræða. Einnig verður fjallað um fjárhagslega stöðu og stuðning til handa börnum sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi.

7.1 Bakgrunnur þátttakenda

Tekin voru viðtöl við sjö einstaklinga sem öll áttu það sameiginlegt að hafa átt foreldri í fangelsi.

Viðmælandi eitt sem við köllum hér eftir Sollu, er í sambúð með kærasta. Solla er í háskólanámi. Þau eru barnlaus og á leigumarkaði. Faðir hennar afplánaði dóm í fangelsi þegar hún var fjórtán ára gömul. Hann sat inni í fangelsi í tvö ár. Foreldrar Sollu eru gift og var hún hjá móður sinni á meðan á afplánun föður stóð.

Viðmælandi tvö verður kölluð Linda, hún býr ein í leiguhúsnæði. Linda hefur lokið iðnnámi og vinnur við umönnunarstörf. Faðir Lindu hefur setið í fangelsi eiginlega frá því að hún man eftir honum. Hún var sex ára þegar hún kynntist föður sínum. Linda ólst upp hjá móður sinni en foreldrar hennar voru fráskilin.

Viðmælanda þrjú köllum við Jóa en hann býr hjá ættingjum og er barnlaus. Jói hefur ekki lokið námi en ætlar sér í nám seinna meir, hann vinnur við smíðar í dag. Jói var á fermingaraldri þegar faðir hans fer í fangelsi.

Viðmælandi fjögur er í sambúð með kærasta og saman eiga þau eitt barn. Hér eftir verður viðmælandi fjögur nefnd Inga. Inga hefur lokið háskólanámi og vinnur í tölvugeiranum. Inga var tíu ára þegar faðir hennar afplánaði fangelsisdóm. Foreldrar Ingu voru skilin ári áður en hann hóf afplánun.

Viðmælandi fimm er barnlaus og í sambúð, hér eftir verður hún kölluð Fríða. Hún keypti sína fyrstu íbúð í sumar. Fríða hefur lokið stúdentsprófi og vinnur við ferðaþjónustu. Foreldrar

Fríðu slitu samvistum og tóku saman nokkrum sinnum áður en faðir hennar hóf afplánun. Þegar hann fór í fangelsi var Fríða alveg að verða þrettán ára gömul. Fríða bjó hjá móður sinni og þær fluttu oft á þessum tíma. Fríða útskýrir þetta svona:

> Mamma og pabbi voru ágætlega ung, mamma 22 og pabbi 23 þegar ég fæðist. Það er kannski ein af ástæðunum að við fluttum svolítið á milli eða þannig, vorum svolítið heima hjá ömmu og afa og bjuggum dálítið bara hér og þar og alls staðar.

Sjötti viðmælandinn verður kallaður Hulda og hún leigir húsnæði með tveimur vinkonum. Hulda er í menntaskóla, hún er einnig í endurhæfingu. Hulda var níu ára gömul þegar faðir hennar var handtekinn. Foreldrar hennar höfðu slitið samvistum nokkrum sinnum og voru í sundur þegar hann er handtekinn. Þau tóku ekki saman aftur en faðir hennar lést á síðasta ári.

Sjöundi viðmælandinn sem kölluð verður Katrín er einhleyp. Hún á að baki þrjú hjónabönd. Katrín er með BA próf og hefur einnig menntað sig í iðngrein. Móðir hennar var handtekin þegar Katrín var fimmtán ára gömul. Hún var orðin sautján ára gömul þegar mamma hennar hóf afplánun.

7.2 Fjölskyldutengsl

Viðmælendur upplifðu að eiga gott samband við foreldri sitt sem afplánaði dóm þó sérstaklega áður en að afplánun kom. Fimm viðmælendur sögðust hafa átt gott samband við föður sinn en í tveimur tilfellum hafði það breyst vegna neyslu föður á áfengi eða vímuefnum. Inga talar um að faðir hennar hafi farið í neyslu um það bil ári áður en hann var dæmdur til fangelsisvistar og það hafi breytt öllu, áður hafi hún verið mikil pabbastelpa. Hún lýsir þessu sjálf svona:

> Sko, áður er þetta svona nánara foreldri mitt sem ég leitaði meira til - já eiginlega bara svona leikfélagi og skemmtilegur pabbi. En svo náttúrlega fór hann í neyslu og þá breytist það aðeins. Svona ári áður þá hætti mamma með honum. En svo eiginlega ekkert eða ég hitti hann kannski einu sinni á þriggja mánaða fresti. Svo var bara keppni um símatíma sem maður fékk aldrei sko. Þannig að samskiptin urðu svona, í dag upplifi ég hann sem lítið barn sem að ég þarf að passa fyrir fjölmiðlum sko.

Foreldrar Sollu slitu ekki samvistum og eru enn í dag hjón. Solla lýsir góðu og traustu sambandi bæði við móður sína og föður. Hún upplifði að hún væri stoð og stytta móður sinnar. Hún aðstoðaði við tvo yngri bræður sína og tók þátt í störfum á heimilinu. Henni fannst eins og hún þyrfti að hjálpa mömmu sinni að komast í gegnum þetta tímabil þegar pabbi hennar afplánaði dóm. Solla segist hafa upplifað að hún þyrfti að passa upp á pabba sinn gagnvart samfélaginu

eftir að hann var ákærður og áður en hann hóf afplánun. Þau hafa alltaf verið góðir vinir og Solla upplifir að sambandið á milli þeirra sé jafnvel sterkara eftir þessa lífsreynslu.

> Bara mjög gott, ég var alltaf svona svolítið reið fyrir hans hönd og upplifði að ég þyrfti svona að passa hann áður en hann fór inn ef við fórum eitthvað og jafnvel enn í dag. En samt minna í dag en við vorum alltaf mjög góðir vinir og eiginlega bara meira eftir að þetta kom upp. Já, og líka á milli mömmu og pabba. Þetta var í raun erfitt fyrir þau á þessum tíma ég upplifði aldrei reiði eða neitt gagnvart sko honum eða þeim foreldrum mínum. En ég upplifði smá svona verandi unglingur á þessum tíma, smá svona að þetta væri ekki mitt vandamál eða svona þannig.

Katrín og móðir hennar bjuggu hjá ömmu Katrínar þar til hún varð átta ára gömul en þá lést amma hennar. Eftir það bjuggu þær mæðgur tvær saman á ýmsum stöðum. Katrín lýsir þessu sjálf svona.

> Ég bjó hjá ömmu minni til 8 ára með mömmu þá fluttum við mamma, amma dó úr krabbameini við fluttum í .... þar bjuggum við til 13 ára, þá misstum við íbúðina hún fór á uppboð. Þá fórum við að leigja fluttum svolítið mikið. Hún mamma fór reyndar í meðferð rétt eftir að hún missir íbúðina og eftir það bjó ég með henni inn á áfangaheimili. Þegar ég var 13 ára. Alveg í örugglega hálft ár. Það var merkilega fínt bara. Hún var náttúrlega edrú og svona, það er held ég síðasta skipti sem hún var eitthvað edrú að ráði.

Katrín var ekki í miklu sambandi við föður sinn. Hún fór til hans um helgar og fannst það alltaf leiðinlegt. Þegar mamma hennar fer í fangelsi fer hún til vinkonu mömmu sinnar en ekki til pabba síns. Hún segir að enginn hafi látið pabba hennar vita af því að mamma hennar hefði verið handtekin: *Hann frétti það bara einhversstaðar*. Hún og móðir hennar voru aftur á móti mjög nánar þrátt fyrir óreglu á heimilinu.

> Við mamma vorum alltaf vinkonur alla tíð, ég var búin að taka hennar líferni bara í sátt. Ég held að það hafi farið með hana að sitja inni. Hún varð aldrei eins eftir þetta. Henni fannst hún vera verri pappír, skammaðist sín náttúrlega, náði sér einhvern veginn aldrei á strik. Ég er rosalega reið út í kerfið á Íslandi. Þetta var engin betrunarvist, ég kom þarna einu sinni í viku þau voru reyndar voða góð við mig. Það var einu sinni einhver nýr fangavörður og þá var leitað á mér með málmleitartæki hátt og lágt, annars kom ég bara þarna. Yfirfangastýran tók yfirleitt á móti mér og ég bara labbaði þarna inn sko. Fólk vissi það alveg að ég var ekki að smygla inn fyrir hana sko. Þannig að það var varla leitað á manni sko. Æ, sem var alveg bót í máli það er náttúrlega ömurlegt að lenda alltaf í einhverju eins og maður sé einhver glæpamaður.

Fríða og pabbi hennar voru trúnaðarvinir sem hún gat talað um allt við en aftur á móti var samband hennar við móður ekkert sérstaklega gott að hennar sögn. Aðspurð um samband sitt við móður sína svara Fríða: *Það var nefnilega ekkert rosalega gott á þessum tíma en í dag er*

það rosalega fallegt við erum góðar vinkonur. Pabbi hennar Fríðu fór í neyslu eftir afplánun sem hafði áhrif á samskiptin þeirra á milli.

> Áður en hann fór í fangelsi var hann bara besti pabbi sem ég hefði getað ímyndað mér. Hann var svona manneskja sem maður gat talað um allt í heiminum. Þegar hann skammaði mig þá settist hann alltaf niður og talaði við mig og ég skammaðist mín þúsund sinnum meira heldur en þegar mamma öskraði. Hann var áður en þetta allt gerist, besta manneskja sem ég hef nokkurn tíma þekkt. En svo varð hann bara rosalega, rosalega veikur og við vorum ekkert í miklum samskiptum síðustu árin.

Allir viðmælendurnir nema einn eru sammála um að foreldrar þeirra sem afplánuðu dóm hefðu breyst mikið við það. Þau töldu að á Íslandi væri ekki betrunarvist þar sem einstaklingarnir kæmu brotnir úr afplánun. Eftir afplánun dóms í fangelsi urðu foreldrar viðmælenda ekki sömu manneskjur og áður, þeim fylgdi óöryggi og skömm.

7.3 Sálfélagslegir þættir

Þrátt fyrir ólíkan reynsluheim þátttakenda á mörgum sviðum áttu þeir margt sameiginlegt. Ýmis konar sálrænir og félagslegir þættir komu í ljós hjá öllum viðmælendunum sem þeir telja vera afleiðingu af því að hafa upplifað að missa foreldri sitt í fangelsi. Í kaflanum verður fjallað um einkenni sálfélagslegra þátta sem þátttakendur hafa fundið fyrir. Af sjö viðmælendum höfðu fimm upplifað kvíða þar af höfðu tveir verið greindir með ofsakvíða. Hluti af viðmælendunum upplifa vantraust gagnvart öðru fólki og upplifa sjálfan sig minna virði heldur en annað fólk. Margir nefndu mikla reiði og þá helst út í fangelsiskerfið á Íslandi, út í foreldri sitt eða reiði við samfélagið í heild fyrir það hversu erfitt fyrrverandi föngum reynist að fóta sig á ný eftir fangelsisvist. Einn viðmælandi glímdi við hegðunarvanda í skóla og var þess vegna sendur í annan skóla þar sem átti að taka á vandanum. Tveir viðmælendur upplifðu lítilsháttar hegðunarvanda sem varð þeim ekki til trafala. Einn viðmælandi hefur greinst með persónuleikaröskun. Annar viðmælandi stundaði sjálfskaðandi hegðun með því að skera sig. Þunglyndi var algeng upplifun hjá viðmælendum og hefur hluti af þeim fengið greiningu á því. Rótleysi, ótti, vantraust og einbeitningarskortur eru tilfinningar sem hluti af viðmælendum höfðu upplifað.

7.3.1 Kvíði

Fjórir þátttakendur greindu frá kvíða í kjölfar fangelsunar foreldris. Þar af hafa tveir þátttakendur greinst með ofsakvíðaröskun. Linda lýsir aðstæðum þar sem hún finnur fyrir kvíða svona:

> Ég fæ rosalegan kvíða. Ég frétti oft í fjölmiðlum ef það er búið að handtaka pabba minn og mig kvíðir rosalega fyrir öllu eins og með málið ... verður hann sýknaður eða ekki? ... hversu ljótar verða fréttirnar? Ég fæ bara svona kvíða alltaf fyrir að sjá fréttirnar.

Solla upplifir kvíða þegar henni finnst hún þurfa að sjá til þess að allt sé í lagi: *Ég er örlítið kvíðin í dag og kannski af því að ég var alltaf að passa að allt væri í lagi þó engin væri að biðja mig um það svo sem*.

Inga hefur verið greind með ofsakvíðaröskun í kjölfarið á fangelsun pabba síns.

> Ég fann bara algjört svona - ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því - það var bara eins og ég væri algjörlega tóm. Ég er náttúrlega að glíma við kvíða síðan, skilurðu. Jú, ég er með kvíðaröskun sko ég var greind með ofsakvíðaröskun sko.

Í dag upplifir Inga ekki eins mikinn kvíða og áður, henni finnst hann hafa dvínað en er þó en til staðar mörgum árum eftir að pabbi hennar var dæmdur til fangelsisvistar.

> Þetta er ekki ofsakvíði í dag en þú veist það er alltaf svona hnútur, þetta er bara eins og að vera alltaf í prófi. Hann aftrar mér ekki í dag, ég er alveg glöð og gengur vel en ég finn alltaf fyrir kvíða.

Hulda talar um hve allt var erfitt í kjölfar þess að pabbi hennar afplánaði dóm í fangelsi. Hulda hefur fengið greiningu á bæði almennri kvíðaröskun og einnig ofsakvíðaröskun.

> En eins og bara allt annað sem tengdist pabba var bara erfitt. Svakalega erfitt. Það hefur alveg versnað með árunum sko. Það verður alltaf verra og verra. Ég er með kvíðaröskun og ofsakvíðaröskun. Það er bæði alla vega á greiningarlistanum mínum.

7.3.2 Þunglyndi

Þrír af þátttakendum eiga það sameiginlegt að hafa upplifað þunglyndi í kjölfar afplánunar foreldris. Fríða lýsir tímanum sem pabbi hennar sat í afplánun svona:

> En þessi tími sem hann situr inni þá var ég rosalega þunglynd og þetta var tími þar sem ég var að skera mig og eitthvað svona. Þannig að ég fékk sérstakt leyfi, það var talið að ég þyrfti að tala við pabba minn einu sinni í viku. Við fengum einhvern svona sérstakan símatíma einu sinni í viku.

Hulda hefur upplifað sálræna erfiðleika sem hún lýsir þannig:

> Ég hef alltaf verið rosalega feimin og óörugg með mig og svo núna er ég mikill kvíðasjúklingur og með þunglyndi. Ég er með svaka lista af greiningum - þú veist alveg helling. Ég man eftir fyrstu kvíðaköstunum mínum þegar ég var í áttunda bekk. Þá var ég að fá dagleg kvíðaköst. Ég hef verið með mikinn kvíða alltaf þegar ég kom heim úr skólanum og þú veist var alveg þunglynd og allt. En svo er ég líka með Borderline eða persónuleikaröskun. Í rauninni þetta með pabba gæti verið ástæðan fyrir Borderline út af

> því að Borderline þróast. Svo var félagsfælni og þú veist. En já, þunglyndi og kvíði var alveg þegar ég var í grunnskóla sko.

Mamma Katrínar náði sér aldrei á strik eftir að hún losnaði úr fangelsi að sögn Katrínar. Hún lést fyrir fimm árum og eftir það upplifði Katrín þunglyndi.

> Ég var þunglynd eftir að hún dó. Það eru 5 ár síðan ég var alveg í lagi. Fyrstu 2 árin en svo já ég fór niður í þunglyndi og í fyrsta skipti var ég ekki með peningamálin mín fullkomlega á hreinu. Ekki það að ég átti íbúð ég er ekkert illa stæð í dag. Jú, ég veit ekki ég var svakalega þung. Það var kannski af því að ég saknaði hennar svo svakalega mikið. Þetta var nú alltaf besti vinur minn sko.

7.3.3 Einmanaleiki

Þátttakendur upplifðu einmanaleika, þeir gátu ekki talað við neinn um reynslu sína og aðstæður. Þátttakendur upplifðu flestir að þeir gætu ekki talað um reynslu sína við annað fólk og það olli þeim erfiðleikum. Katrín kemst svona að orði:

> Annars hélt ég að ég væri bara ein í heiminum með þetta svona vesen. Maður óskar engum að vera í þessari stöðu, það er ekki það, en það er samt mjög kærkomið að hitta manneskju sem að hefur upplifað það sama. Eins og ég segi þó að það sé kannski svolítið ljótt. Þannig séð. Maður þarf að finna sér stað að geta talað að vera ekki einn í heiminum með allan heiminn á herðunum. Það er líka svo mikil vinna að halda ímyndinni.

Katrín upplifði skömm og fannst þess vegna að hún þyrfti að halda reynslu sinni út af fyrir sig: *Maður náttúrlega skammast sín þess vegna vill maður ekki tala*.

Huldu fannst að hún gæti heldur ekki talað við neinn. Hún hafði áhyggjur af systur sinni og fannst að systir hennar ætti við meiri vanlíðan að stríða en hún sjálf.

> Mér leið eins og henni liði eins og það væri henni að kenna. Að þetta allt væri að gerast ég veit það ekki. Mér fannst alltaf eins og ég mætti ekki tala um þetta. Mér fannst eins og ég mætti ekki spyrja pabba. Því það var alltaf búið að vera fela fyrir mér, halda frá mér.

Hulda undirstrikar líðan sína seinna í viðtalinu með því að segja:

> Hann var alltaf að segja við mig að ég mætti spyrja hann en mér leið eins og ég ætti ekki að gera það. Það var alltaf búið að vera að fela frá mér. Þá upplifði ég að þótt hann segði þetta þá mætti ég það ekki út af því maður átti ekki að tala um þetta.

Fríða orðar tilfinningar sínar með því að segja:

> Það var líka þú veist það var enginn að tala við, ég þekkti engan sem var í einhverjum svipuðum aðstæðum. Ég var rosalega, ég var mjög einmana. Ég sótti í félagsskap þeirra sem voru líka einmana. Tóninn okkar á milli var einhvern veginn að allt væri ömurlegt.

Hún heldur áfram:

> Ég bara man rosa eftir þessari tilfinningu. Já, þá er maður bara einn og svo langaði mann að leita eitthvað, þú veist, mann langaði bara að tala við einhvern en svo er maður bara lítill unglingur, þú veist, að núna leitast ég eftir því sjálf. Núna bara veit ég.

Inga nefnir hve erfitt henni hefur reynst að treysta fólki. Hún upplifði minnimáttarkennd sem leiddi hana í aðstæður sem hún segir að hefði annars ekki gerst. Hún lýsir því svona:

> Ég fór í svona ofbeldissamband sem ég hefði aldrei leyft að gerast nema af því að mér fannst ég einhver minni aðili, minna virði út af því hver pabbi minn var. Þessi aðili lét mér líða þannig og þá var líka alltaf verið að fjalla um málið sko.

Linda lýsir einnig vanlíðan vegna þess að hún átti pabba í afplánun. Hún hélt tilfinningum sínum leyndum út á við en grét svo þegar hún kom heim.

> Ég playaði það rosa fínt og svo fór ég heim og fór að gráta. Það er aðeins verið að fela tilfinningarnar sem komu svo upp heima.

Faðir Jóa afplánaði dóm en því var haldið leyndu fyrir Jóa, hann var orðinn fjórtán ára gamall þegar hann fékk vitneskju um að faðir hans væri í afplánun í fangelsi. Jói lýsir því svona:

> Ég náttúrlega vissi ekkert að pabbi minn hafi verið í fangelsi fyrr en ég var bara orðin 14 - 15 ára, sko því var kannski haldið fram en ég bara fattaði það ekki. Það var bara logið að mér. En svo einhvern veginn meikar þetta mikinn sens að sjá ég var náttúrlega ekkert vinsælasti krakkinn fyrir foreldra margra krakka sko. Þau náttúrlega vissu þetta alveg og svona. Það var mikið af svona drasli sem var alltaf verið að ljúga að mér með. Aldrei komið hreint fram við mig með þetta. Mikið af svona hlutum. Ég var bara að átta mig á þessu sjálfur. Það var mikið verið að halda hlutum frá mér mikið logið að mér. Í staðinn fyrir að segja mér bara satt.

Jói talar um að hann hafi falið líðan sína fyrir öðrum. Honum fannst hann ekki getað talað opinskátt við neinn nema nánustu vini sína. Hann segir:

> En ég talaði aldrei um þetta við neinn, sagði aldrei neinum þetta bara fyrr en bara einhverjum vinum mínum. Sko, það er örugglega fullt af fólki sem veit þetta ekki.

7.3.4 Jákvæð upplifun

Fjórir viðmælendur sögðu að upplifun þeirra af því að eiga foreldri í fangelsi hefði haft bæði neikvæðar og jákvæðar afleiðingar fyrir sig. Jákvæðu afleiðingarnar sögðu þau vera að reynslan hefði gert þau að bæði sterkari manneskjum og sjálfstæðari. Solla lýsir því með þessum orðum:

> Já bæði góðar og verri sko, góðar að ég lærði bara að vera hörð af mér og dæma ekki alla eftir svona fyrstu fregnum og hérna bara örlítið sjálfstraust eða nei sjálfstæði.

Linda talar líka um að reynsla hennar af því að eiga foreldri í fangelsi hafi gert hana sjálfstæðari og að hún sjái núna hverjir eru vinir hennar og hverjir ekki.

> Bara gert mig að sterkari manneskju og bara að láta dóma annarra ekki hafa áhrif á mig og ef einhver vill ekki eða má ekki umgangast mig, þá hef ég ekki áhuga á að umgangast það fólk.

Fríða tekur í sama streng og segir: *Já og ég veit að ég er sterkari fyrir vikið ég veit að ég gæti gengið í gegnum allan andskotann.* Katrín segist upplifa það þannig að hún hafi verið duglegri á þessum tíma en í dag, það er að segja þegar móðir hennar afplánaði dóm í fangelsi en þá var Katrín 15 ára. Hún lýsir því með þessum orðum:

> Ég held að ég hafi verið jákvætt barn. Stundum finnst mér ég hafa verið duglegri þessa daga heldur en ég er í dag sko. Ég hlakkaði til að heimsækja hana í hverri einustu viku. Auðvitað lærir maður að meta,að vera þakklátur fyrir skrýtna hluti þegar maður, hlutirnir eru svona í lífinu manns. Maður verður þakklátur fyrir eins og síðustu árin hennar þá bauð hún mér í jólamat ætli það hafi ekki verið 4 síðustu jólin hennar. Eitthvað sem hún hafði ekki gert síðan ég hætti að vera hjá henni á jólunum. Þetta fannst mér ómetanlegt. Alls konar svona hlutir maður lærir kannski bara að meta hlutina og lífið öðruvísi.

Jói talar einnig um að reynsla hans af því að eiga föður í fangelsi hafi kennt honum að vera sjálfstæðari hann segir: *En góð áhrif líka, sjá að það er mikilvægt að gera hlutina sjálfur, það má gera mistök.*

Inga talar um að það hafi reynst henni vel að eiga sterka fjölskyldu sem stóð við bakið á henni. Það hafi hjálpað henni að komast í gegnum erfiða tíma. Hún segist einnig hafa verið í íþróttum þar sem hún hafi notið sín vel. Það hafi átt sinn þátt í að hjálpa henni að vinna úr erfiðri lífsreynslu sem var að eiga föður í fangelsi.

> Ég held að leiðin hjá börnum sem lenda í þessu sé oft í neyslu það er stundum auðveldasta leiðin ef þau hafa ekki nógu sterka í kringum sig. Ég á rosa flotta móður fjölskyldu og föður amma mín er rosalega sterk. Ég held að það hafi bjargað mér hvað ég var ofboðslega góð í íþróttum.

7.4 Stimplun og fjölmiðlar

Þátttakendur höfðu allir sterkar skoðanir á umfjöllun fjölmiðla. Þeir upplifðu að vera stimplaðir af samfélaginu eftir umfjöllun í fjölmiðlum. Öll málin áttu það sameiginlegt að það var fjallað um þau í fjölmiðlum á sínum tíma og einhver þeirra hafa jafnvel komið upp annað slagið yfir margra ára tímabil.

Inga talar um hve óvægin umfjöllun í fjölmiðlum getur verið og það hafi haft mikil áhrif á líf hennar og pabba hennar sem afplánaði dóm í fangelsi. Hún segir: *Fjölmiðlar geta tekið fólk af lífi*. Inga hefur upplifað fordóma eftir að umfjöllun um pabba hennar birtist.

> Ég hef alltaf fundið fyrir því. Ég hef alveg lent í hópum þar sem er verið að tala um hver pabbi minn er og að það sé ógeðslegasti maður landsins að losna úr fangelsi og svona þá bara segir maður hver maður er og maður sér hverjir eru vinir mínir. Maður finnur þetta. Það var einn kennari í ... sem kallaði mig bara alltaf [föðurnafn Ingu] dóttir - hann notaði aldrei skírnarnafnið mitt auðvitað finnur maður fordóma alls staðar að skilurðu? Það eru sumir sem gefa manni ekkert tækifæri sem manneskju af því að maður er dóttir hans. Fyrsta spurningin sem ég fæ þegar fólk veit hver ég er er: Talar þú við pabba þinn?

Inga talar um að fjallað hafi verið um mál pabba hennar eftir að hún eignaðist dóttur sína. Hún var með hana á brjósti þegar umfjöllunin birtist sem hún segir að hafi haft áhrif á brjóstagjöfina þar sem hún upplifði mikið álag í kjölfarið.

> *Þá missti ég næstum brjóstamjólkina ég var undir svo mikilli pressu það var svo mikið fjölmiðlafár*.

Eftir umfjöllun í fjölmiðlum lýsir Inga upplifun sinni með því að segja: *Það var kannski þannig hvernig fólk leyfir sér að kæfa mann út af því hverjir foreldrar manns eru sko*.

Fríða upplifði eins og Inga álag í kjölfar umfjöllun í fjölmiðlum. Henni fannst eins og allir vissu hvað pabbi hennar hafði gert.

> Allt var þannig að þetta var rosa mikið í fréttum og ég man að ég upplifði það rosalega mikið. Það, þú veist það var líka prófatíð í skólanum og það var mjög skrítið eftir að maður fór að fatta að það vissu þetta allir. Foreldrar vina minna, vinir mínir kannski horfðu kannski ekkert endilega öðruvísi á mig þú veist. Við vorum bara ung og vitlaus eins og þau hefðu ekki hugmynd hvað væri í gangi og æi maður grét kannski svolítið mikið og þá var bara klappað á öxlina á manni „æi hættu þessu." Og svo var bara farið út að leika en það voru kannski meira foreldrarnir sem horfðu svona eitthvað meira á mig með svona vorkunnarsvip einhverjum og ég þoldi það ekki... Eða bara út frá þessum augnaráðum sem ég fékk þarna og þarna af því að þetta var stórt og af því að þetta var í fjölmiðlum. Þetta var einhvern veginn út um allt. Í mjög langan tíma ef ég sagði hver pabbi minn var þá vissu allir hver hann var.

Solla upplifði slæma daga í kjölfar umfjöllunar um pabba hennar í fjölmiðlum. Hún lýsir því með þessum orðum:

> Þegar pabbi var inni að þá átti ég slæma daga því þá hafði komið einhver umfjöllun sama dag og þá upplifði ég svona að kennarinn treysti sér ekki í þetta eða varð svona smá óöruggur og sagði: „Já þú getur ekkert verið að taka þetta með þér inn í skóladaginn," og það ég man það enn þann dag í dag að sá skóli tæklaði þetta alls ekki vel.

Linda lýsir upplifun sinni á umfjöllun fjölmiðla um pabba hennar með þessum orðum:

> Svona 13 eða 14 ára kannski þá er þetta orðið svona viðkvæmt. Þá var ég farin að sjá hann alls staðar og sjá hann í fjölmiðlum og hann er í fréttunum. Þá er ekkert verið að segja mér að fara inn í herbergi að leika, skilur þú? Eða halda mér í burtu frá fjölmiðlum og eins svona í búðum og svoleiðis eins og mamma mín gerði alltaf - hún tók til dæmis alltaf öll blöð niður sem komu inn á stigaganginn hún tók þau alltaf og færði þau svo ég sæi þetta ekki.

Linda talar um að hún hafi verið stimpluð fyrir að vera dóttir pabba síns. Að það sé við því að búast að hún sé í óreglu vegna þess hver pabbi hennar er.

> Ég finn líka ennþá, þegar fólk eins og þegar fólk spyr mig hvort ég sé ekki í rugli eða að fá mér fíkniefni eða eitthvað það kemur þeim á óvart að ég hafi aldrei aldrei aldrei snert það. Kemur alltaf á óvart bara: „Ha, ertu ekki dóttir ...?" eins og það sé eitthvað samasemmerki þar á milli. Það er svona aðeins verið að dæma mig og það er aðeins gaman að sjá fáfræðina í fólki.

Jói hefur líka upplifað stimplun af samfélaginu vegna þess hver pabbi hans er. Honum finnst eins og það sé ætlast til ákveðinnar hegðunar af honum.

> Ég finn þetta svona núna. Þegar ég lít til baka ég áttaði mig ekkert á því þá, ég sé þetta alveg núna ég var rosa mikið málaður út á þetta af fólki sem vissi þetta. Af kennurum og svona - ég var bara settur í þetta hlutverk. Að vera þessi gaur - vera vandræðaunglingurinn. Samt æfði ég fótbolta og var alveg svona með því fólki ég var samt settur í þennan hóp, sko. Alveg svona stimplaður svona sem villingur, svona asni eða svona þú veist - uppátækjasamur. Sem ég var líka alveg, en ekkert alveg svona ég stóð aldrei útúr, ég var aldrei versti gæinn. Það var alltaf kennt mér um allt.

Jói heldur áfram og segir að hann hafi farið að hegða sér eins og stimplunin gerði ráð fyrir. Það er að segja hann fór að hegða sér eins og gert var ráð fyrir með stimpluninni.

> Ég var mikið að hanga með fótboltafólkinu. Var að reyna að hringja í þau, tala við þau, þá máttu þau ekki hitta mig. Það er mikið út af þessu eða það er það sem mig grunar því ég var ekkert eitthvað leiðinlegur. Ég var bara mjög hress - já einhvern veginn - spilaði mikið fótbolta og svona. En svona upp úr því svona fór maður bara að gera vitleysu sem ég var stimplaður fyrir.

Katrín orðar upplifun sína að umfjöllun Morgunblaðsins eftir að þar var fjallað um mál mömmu hennar með þessum hætti:

> Til að byrja með fannst mér aldrei tekið tillit til þess að hún ætti barn. Það var bara verið að refsa henni. Það átti til dæmis ekki að nafngreina hana í blöðunum, já þau sögðu „ekkert mál" svo er það gert. Það var nú eitt þetta ár ... Þetta var svolítið öðruvísi þá, þá var DV ekki komið með öllum nafngreiningunum og öllu þessu. Það var ekki verið að nafngreina hvern sem er í fjölmiðlum ekki varðandi dóma, sko. Það var búið að biðja um það sérstaklega að hún yrði ekki nafngreind því að hún ætti dóttur semsagt svo ég þyrfti

> ekki að líða fyrir þetta en daginn eftir að það var dæmt í málinu fyrst þá var frétt um þetta í Morgunblaðinu þar sem hún var nafngreind með fullu nafni. Það stoppaði ekki síminn heima hjá okkur þann daginn.

Hulda var níu ára þegar pabbi hennar var handtekinn. Mál hans fékk töluverða umfjöllun á sínum tíma en Hulda segir að henni hafi verið haldið frá henni. Hún hafði meiri áhyggjur af eldri systur sinni sem hún segir að hafi orðið meira vör við umfjöllun fjölmiðla af málinu en hún.

> Ég mundi að ég átti að fara heim eftir skóla en svo var ég send með vinkonu minni og við máttum ekki horfa á sjónvarpið. Svo sótti stjúpmamma mig seinna og sagði mér að pabbi hefði verið handtekinn. Ekkert sagt fyrir hvað. Það er það sem ég man mest eftir því. Ég man líka síðustu dagana í skólanum áður en ég fór aftur til ...mér fannst, þá voru krakkarnir, þau vissu að pabbi minn hafði verið handtekinn. Og sumar stelpur voru bara ekki tala við hana –„Pabbi hennar er glæpamaður" og allskonar svoleiðis. En ég mátti ennþá ekkert vita hvað gerðist. Ég vissi meira þegar við fórum til Íslands aftur þegar systir mín var að fermast. Þá var ég cirka 10 ára. Henni fannst rosalega erfitt að það var í blöðunum að pabbi væri komin aftur heim til Íslands en ég var ekkert að fylgjast með því. Mér leið eins og henni liði eins og það væri henni að kenna. Að þetta allt væri að gerast, ég veit það ekki.

Að ofangreindu má ráða að umfjöllun fjölmiðla og stimplun í kjölfarið hafi áhrif á börn sem eiga foreldri í fangelsi. Allir viðmælendurnir hafa upplifað fordóma frá samfélaginu og hefur umfjöllun fjölmiðla um foreldra þeirra haft áhrif á líðan þeirra og daglegt líf.

7.5 Fjárhagsleg staða

Foreldrar fjögurra viðmælenda höfðu slitið samvistum þegar að afplánun kom og í tveimur tilfellum löngu áður þannig að fjárhagsleg áhrif voru engin að þeirra mati. Solla fann heldur ekki að það væri erfiðara fjárhagslega á hennar heimili. Foreldrar hennar skildu ekki og eru í ágætis stöðu í dag. Hún segir að jákvæð afleiðing af afplánun föður hennar hafi verið að hún hafi lært að standa á eigin fótum fyrr og lært að bjarga sér sjálf.

> Svona eins og ég segi það að fjölskyldan sé í svona góðum málum í dag er afleiðing líka. Og hún er góð, það er kannski afleiðing að ég þurfti kannski svona örlítið fyrr að, svona að hjálpa mér sjálf.

Fjölskylda Ingu var ágætlega stæð áður en til afplánunar föður hennar kom og því upplifði hún ekki fjárhagslega erfiðleika. Foreldrar Ingu slitu samvistum einu ári áður en að afplánun föður hennar kom.

> Það var svolítið sérstakt þar sem amma mín átti hlut í ...þannig að nei - ég man ekki eftir því. En ég var náttúrlega bara krakki og var ekkert að pæla í því.

Fríða aftur á móti segir að hún hafi fundið fyrir því að það var erfiðara fjárhagslega heldur en áður. Hún fór ung að vinna sjálf fyrir eigin vasapeningum.

> Svo er náttúrlega bara líka fjárhagslegar afleiðingar ef maður pælir í því. Við áttum ekkert. Við vorum ekki með neitt á milli handanna það var bara allt í einu annar aðilinn horfinn og jú mamma. Við vorum ekki vel efnuð fjölskylda fyrir en eftir á, ég fann alveg fyrir því ég þurfti að fara bara að vinna 12 ára eða vinna bara að passa börn og hérna þrífa og eitthvað svona - þá gat ég átt minn eigin pening. Þú veist ég á þetta, þá get ég þetta. Annað foreldri mitt var bara horfið og hitt ótrúlega þungt og maður var bara einhvern veginn ótrúlega einn.

Þegar mamma Katrínar er dæmd til fangelsisvistunar benti hún henni á að fara til bæjaryfirvalda og biðja um hjálp. Katrín bjó þá inn á heimili kærasta síns en hún var orðin sautján ára gömul. Hún stundaði nám í menntaskóla á þessum tíma.

> Ég fékk barnameðlag frá pabba sem var ekki mikið. Þau gáfu mér að borða þar sem ég bjó hjá kærastanum og þau keyrðu mig stundum í skólann og svona þau voru voða góð við mig. En það sem mamma sagði mér að gera var að fara og tala við bæjaryfirvöld í ...því ég var náttúrlega skráð í ... á þessum tíma. Og segja bara hvernig staðan væri og ég þyrfti að fá smá aðstoð. Þau horfðu bara á mig „hvað af hverju komstu ekki fyrr?" Þau létu mig semsagt hafa vasapeninga og líka fatapeninga man ég. Mamma sagði mér að gera þetta svona það var enginn annar sem skipti sér af þessu.

7.6 Stuðningur / aðstoð

Allir viðmælendurnir voru sammála um að það vantaði stuðning þeim til handa þegar foreldri var handtekið og dæmt til fangelsisvistar. Stuðningur sem þau upplifðu að stæði þeim til boða var takmarkaður. Sérstaklega fannst þeim að það þyrfti einhver utanaðkomandi aðili að vera til staðar til að útskýra fyrir þeim hvað væri að gerast og hver staðan væri.

Fríða segir svona frá upplifun sinni af því þegar hún fær vitneskju um að pabbi hennar hafi verið handtekinn og hvaðan hún fær hana.

> Hann átti þarna nýja konu og þegar hann er handtekinn þá er hún komin átta mánuði á leið með litla bróður minn. Í minningunni vissi ég ekki um hann í tvær vikur en ég held að það hafi kannski verið sólarhringur. Hann var þá farinn í gæsluvarðhald ef mig minnir rétt, þá skildi ég það alveg strax að hann var handtekinn allavega og þá var það stjúpmamma mín á þessum tíma sem settist niður með okkur einmitt kasólétt og með þrjú börn á heimilinu. Hún er ennþá algjör hetja í mínum augum en hún settist niður með okkur og sagði okkur frá og ég veit ekki hvort það var einhver með henni eða hvernig það var, hún allavega sagði okkur frá og ég veit það að litli bróðir hennar mömmu hann var rosalega mikið til staðar fyrir okkur þarna. Hann hefur verið 26 ára á þessum tíma. Hann fær bara símhringinguna að það sé búið að handtaka pabba minn hann hefur oft sagt við mig þetta

> var tíminn sem ég varð fullorðinn - bara allt í einu þarf ég að fara og passa upp á mínar tvær litlu frænkur.

Fríða heldur áfram og útskýrir hvernig stuðning hún hefði viljað fá þegar pabbi hennar var fangelsaður.

> Ég myndi bæði vilja hafa einhverja svona hópaþerapíu og svo líka bara fundi við ráðgjafa og þess vegna að það sé svolítið svona gripið inn. Þú ert bara lítið barn og svo reynirðu að spyrja mömmu og hún fer bara að gráta því hún á líka rosa erfitt með þetta. Þú reynir eitthvað að teygja þig í kring en allir vita bara ekki hvað þeir eiga að segja hvernig þeir eiga að vera. Vita ekki hve mikið þeir eiga að segja sérstaklega ef þeir eru ekki mamma þín. Það er einhvern vegin enginn sem þú getur talað við.

Inga fékk vitneskju um ákæru á hendur pabba hennar úr fjölmiðlum, hún segir svo frá.

> Bara blöðin sögðu mér það. Fjölmiðlarnir bara. Fjölmiðlarnir voru alltaf á undan. Skrefinu á undan. Ég vissi það til dæmis í fjölmiðlum að afi minn hefði framið sjálfsmorð. Mér var ekki sagt það ég hafði ekki aldur til.

Inga lýsir upplifun sinni af því að eiga föður í fangelsi með því að segja:

> Ég veit það ekki ég er svona manneskja sem fer þetta á hnefanum og kemst upp með það sko.

Ingu finnst að það þurfi að koma til fagaðili til að veita börnum fanga ráðgjöf. Hún heldur áfram og segir:

> Það þarf að fá einhverja fagaðila til að tala við fólkið. Það sem hjálpaði okkur mest á sínum tíma var hérna að við fórum og töluðum við okkur var bent á að tala við mann sem hafði gengið í gegnum það sama það var strákur sem var á sama aldri og ég þegar pabbi hans framdi morð.

Hulda tekur í sama streng og bendir á að henni hefði þótt gott að geta talað við einhvern. Hún lýsir því hve mikils virði það væri að getað talað við jafningja sem hafa sömu eða svipaða reynslu og hún.

> Börn sem hafa foreldra í fangelsi þurfa að fá sálfræðing eins og það er til Ala-Teen fyrir aðstandendur alka þá þyrfti svoleiðis fyrir börn fanga. Eins og Ala-Teen þetta er ekki eins og alanon því þetta er bara fyrir krakka. Það er einn fullorðinn sem stýrir en krakkarnir fá að tala ef þeim fannst eitthvað máttu þau segja það þó þau mættu kannski ekki segja það við foreldra sína en þarna gátu þau talað. Hlutirnir eru bara úr mínum höndum ég get ekkert gert. Börn þurfa að geta sagt og við einmitt jafningja.

Það var vinkona Huldu sem sagði henni hvað hafði gerst þegar pabbi hennar vær dæmdur í fangelsi. Vinkona Huldu var þá í svipuðum sporum og hún það er að segja hún átti pabba sem afplánaði dóm í fangelsi.

> Við gátum talað um þessa hluti þú veist. Við gátum talað um þetta sem var mjög fínt. Hún var eina sem ég gat talað um þetta við.

Katrín lýsir reynslu sinni þegar hún fékk vitneskju um að mamma hennar hefði verið handtekin svona:

> Vinkona hennar mömmu. Hún sagði mér bara nákvæmlega hvað hafði gerst það sem hún vissi - það er að segja mamma sæti bara í gæsluvarðhaldi vissi ekkert hvernig það færi. Hefði verið tekin fyrir að smygla fíkniefnum. Vissi ekki hvað það var mikið eða hvernig, hún vissi náttúrlega ekkert um þetta því mamma hafði ekkert verið í neinum samskiptum við hana áður út af því að vinkona hennar var búin að vera edrú í svolítinn tíma. Þær voru samt alltaf tengdar, sko. Hún var rosalega góð við mig. Ég verð bara ævinlega þakklát þessari konu hún bara bjargaði þessu svolítið. Ég veit ekki hvað maður hefði gert ef maður hefði verið einn heima hjá sér með þessa vitneskju. Ég hef ekki hugmynd því auðvitað grét maður bara og grét og vissi ekki meir.

Katrín heldur áfram

> Ég hugsaði þetta mörgum árum seinna hvað af hverju var engin að spá í mig? Vissi enginn að ég væri á heimilinu? Maður var bara krakki sem var skíthræddur. Ég myndi vilja tala við einhvern sem ég treysti svona eins og .... Maður er komin yfir að skammast sín fyrir þetta en það tók alveg langan tíma. Það þarf klárlega einhvern stuðning. Það eru ekki allir sem hafa svona eins og vinkonu hennar mömmu, ég veit ekki hvað ég hefði gert ef hún hefði ekki verið til staðar.

Það var enginn sem útskýrði fyrir Jóa hvað hefði gerst þegar pabbi hans fór í afplánun í fangelsi. Hann segir að því hafi verið haldið leyndu fyrir honum. Honum var sagt að pabbi hans væri að vinna út á landi. Jói sér svo þátt í sjónvarpinu sem fjallar um íslensk sakamál og þá verður honum ljóst að pabbi hans er í fangelsi. Honum finnst að það hefði átt að segja sér sannleikann strax og einhver fagaðili hefði þurft að útskýra þetta fyrir honum.

> Þau þorðu ekki að tala um þetta eins og þetta væri bara alveg tabú einhvern veginn. Aldrei komið hreint fram við mig með þetta. Mikið af svona hlutum. Ég var bara að átta mig á þessu sjálfur. Það var mikið verið að halda hlutum frá mér mikið logið að mér. Í staðinn fyrir að segja mér bara satt. Ég sá hann bara í Sönnum sakamálum í sjónvarpinu. Það kom bara nafnið hans. Ég var búin að sjá þennan þátt margoft, sko, ég bara tengdi ekki. Ég bara skildi þetta ekki. Hann var fæddur á sama ári og svo bara allt í einu „what" nú fór ég aðeins að pæla í þessu. Svo sá ég líka ég kannaðist við vin hans þetta var svona „já." Ég tengdi geðveikt við það, sko.

Jói segir að hann hafi verið sendur í nýjan skóla vegna hegðunarvanda sem hann glímdi við í gamla skólanum. Aðspurður um hvort hann hefði fengið einhvern stuðning á sínum tíma svarar Jói:

> Nei, nei aldrei sko. Það var svona versta - ég var bara sendur í annann skóla fyrir vandræðaunglinga. Þá fékk ég allt í einu bara 10 í stærðfræði með bók fyrir 7 bekk mamma rosa ánægð - bara kjaftæði sko. Við vorum teknir rosa margir strákar í ...og settir í einn skóla. Gera þeim bara auðvelt - já leyft þeim bara að komast upp með hlutina einhvernvegin. Það var kannski ekki alveg nógu gott. Við vorum bara fyrir þessum fyrirmyndarnemendum. Það voru mjög margir úr mínum skóla og öðrum skóla sendir þarna það gengur ekki sko það voru bara allir að slást og eitthvað sko. Ég skildi ekki alveg hugsunina á bak við það. Allir sendir í einhverjar sumarbúðir fimmtán og nítján ára. Við byrjuðum í fótbolta sem endaði í slagsmálum.

Foreldrar Sollu útskýrðu fyrir henni í sameiningu hvers væri að vænta þegar faðir hennar yrði ákærður og í kjölfarið fangelsaður. Hún segist hafa vitað allan tímann hvað myndi gerast.

> Foreldrar mínir, bæði þau áttu börn á alls konar aldri. Bræður mínir vissu ekki af þessu en ég var sú yngsta sem vissi af því. Semsagt ellefu ára þegar þetta kom upp - semsagt málið - og vissi í rauninni alltaf um það því ég var bara orðin það gömul og var þarna orðin meðvituð. Þannig að bara í rauninni til að undirbúa mig fyrir skólagönguna og að hitta skólafélagana og bara upp á umræðuna þá vissi ég í rauninni alltaf nokkurn veginn meginatriðin og mér var gert ljóst að hann færi ekki inn fyrr en ég væri búin að fermast. Ég var undir það búin að hann væri að fara inn alveg þangað til að hann fór.

Solla þakkar samheldinni fjölskyldu fyrir að þetta hafði ekki meiri áhrif á hana en hún lýsir. Hún talar einnig um að vera hennar í litlum sveitaskóla hefði reynst jákvætt fyrir hana í þeim aðstæðum sem hún var.

> Sko, eins og ég man það fannst mér eins og engin talaði um þetta. Kennarinn tók mig ekkert til hliðar þá var ekkert gert ég upplifði þetta bara ég mætti bara í skólann daginn eftir og það var bara eins og ekkert væri. Það hefði kannski mátt grípa fyrr inn í en þetta var lítill skóli og svona hafði ekki komið upp áður því ég var svo heppin að vera í góðri fjölskyldu, en það eru kannski ekki allir sem eiga foreldri í fangelsi svo heppnir. En ég aftur á móti skipti um skóla bara út af stöðunni í sveitinni og þar upplifði ég hins vegar að þegar pabbi var inni að þá átti ég slæma daga.

Fríða kom inn á að henni fyndist vanta fræðslu fyrir þá sem umgangast barnið dags daglega eins og til dæmis kennara og foreldra skólafélagana.

> Þá ætti að vera hópameðferð, ráðgjafi og það ætti að vera svona smá kynning og fara með í skólann og þess vegna bara bréf sent heim til foreldra vina manna eitthvað svoleiðis. Tala við kennara svona hvernig á að koma fram við barn, því það er eitt mér fannst svo erfitt: að reyna að vera eðlileg í mjög óeðlilegum aðstæðum en samt var einhvern veginn ætlast til að maður héldi bara áfram með lífið og allt átti bara að ganga, sko, mig langaði alveg að

> mæta í skólann. Mig langaði að hitta vini mína það var bara svo erfitt út af viðbrögðum annarra. Það vantar svona stuðningsnet þar sem fólk í svipuðum aðstæðum getur talað saman það vantar líka að einstaklingurinn geti bara tjáð sig og talað og það vantar líka að fræða í kringum viðkomandi aðila. Foreldra, skólafélaga og kennara.

Linda er sömu skoðunar og Fríða og finnst að það vanti almenna fræðslu á málefnum barna sem eiga foreldri í fangelsi.

> Ég hefði kannski viljað að kannski frá Fangelsismálastofnun eða eitthvað svoleiðis bara að skilja hvað er í gangi og kannski líka að það sé rætt betur við börnin, skilur þú, það er alltaf verið að kenna börnum að aðgát skal höfð í nærveru sálar og vera góð hvert við annað og svoleiðis það þarf líka að kenna kennurum þetta finnst mér.

Það var vinkona Lindu sem sagði henni að pabbi hennar hefði verið handtekinn þegar þær voru saman úti að leika en þá var Linda níu ára gömul.

> Ég var á trampólíni með vinkonu minni þegar hún spurði mig hvað mér fyndist um að pabbi minn væri að fara í fangelsi ég hafði náttúrlega ekki hugmynd um það og fór að gráta og fór heim og þá sagði mamma mér allt. Þannig að ég eiginlega komst bara að því. Ég man bara hvað mér brá og ég trúði þessu ekki.

8 Umræða

Í þessum kafla verða dregnar ályktanir af niðurstöðum sem hafa verið greindar í samhengi við rannsóknarspurningarnar. Rannsókninni var fyrst og fremst ætlað að beina athyglinni að reynslu og upplifun barna af því að hafa átt foreldri í fangelsi. Einnig voru skoðuð úrræði sem börnum fanga hafa staðið til boða og hvernig félagsráðgjafi getur komið að þeim. Niðurstöðurnar eru byggðar á viðtölum við sjö viðmælendur sem allir áttu það sameiginlegt að hafa átt foreldri í fangelsi.

Styrkleikar rannsóknarinnar felast fyrst og fremst í því hve viljugir þátttakendurnir voru að taka þátt og tala af einlægni um reynslu sína og upplifun. Þessi rannsókn er sú fyrsta hér á landi þar sem sjónum er beint sérstaklega að börnum sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi. Varhugavert er að draga ályktanir út frá rannsókninni vegna þess hversu fáir viðmælendurnir voru en þó eru ýmsir þættir sem svipar mjög til erlendra rannsókna. Rannsóknin sýnir mikilvægi þess að veita börnum sem átt hafa foreldri í fangelsi stuðning eða ráðgjöf af einhverju tagi. Það er mikilvægt að draga fram reynslu og upplifun barna af því að eiga foreldri í fangelsi til að vinna gegn stimplun sem þau verða fyrir í samfélaginu. Með aukinni umræðu er unnt að vinna gegn fordómum og stimplun.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar eru meðal annars hversu fámennt úrtakið var. Úrtaksaðferðin hefur einnig ýmsa galla eins og til dæmis hversu einsleitur hópurinn getur orðið þegar aðferð snjóboltaúrtaks er notuð. Að mati rannsakanda hefði verið unnt að dýpka niðurstöður ef tækifæri hefði gefist til að hitta viðmælendur aftur.

8.1 Fjölskyldutengsl og fjárhagur

Viðmælendur voru á aldrinum 20 – 40 ára, einn karl og sex konur. Foreldrar allra viðmælenda nema eins höfðu slitið samvistum annað hvort löngu áður en annað foreldrið braut af sér eða um sama leiti. Sex viðmælendur höfðu átt föður í fangelsi en einn átti móður. Þetta kemur heim og saman við tölur úr fangelsum hér á landi þar sem fjöldi karlfanga er töluvert hærri en fjöldi kvenfanga (Hagstofa Íslands, e.d.).

Niðurstöður úr bandarískri rannsókn sýna að börn sem eiga föður í fangelsi fylgja mæðrum sínum þegar faðir þeirra fer í afplánun. Barn sem á móður í fangelsi fer til annarra ættingja eða

vandalausra (Hairston, 2002). Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við bandarísku rannsóknina: Allir viðmælendurnir ólust upp hjá mæðrum sínum á meðan faðir þeirra afplánaði en viðmælandinn sem átti móðir í fangelsi fór til vandalausra. Það er einnig algengara við skilnað að börnin fylgi mæðrum sínum. Sama bandaríska rannsókn sýnir að fjárhagslegir erfiðleikar séu frekar til staðar þar sem hefur ekki komið til skilnaðar foreldra. Það er að segja þar sem foreldrar hafa deilt heimili og bæði verið fyrirvinnur heimilisins. Niðurstöður þessara rannsóknar benda til að börnin hafi ekki fundið fyrir fjárhagserfiðleikum fyrir utan einn viðmælanda sem fann fyrir að fangelsun föður hennar hefði fjárhagsleg áhrif á heimilið. Foreldrar hennar voru nýlega skilin þegar að afplánun kom. Því eru vísbendingar úr þessari rannsókn að það sé tenging þarna á milli. Einn viðmælandi af sjö getur verið nokkuð hátt hlutfall. Viðmælandinn sem átti foreldra sem slitu ekki samvistum segir að hún hafi ekki fundið fyrir fjárhagslegum erfiðleikum og er það ekki í samræmi við niðurstöður bandarísku rannsóknarinnar (Hairston, 2002). Viðmælandinn sem átti móður í afplánun fékk fjárhagslegan stuðning frá sveitarfélaginu sem hún bjó í og er það vel. Það var móðir hennar sem benti henni á að sækja um aðstoð frá sveitarfélaginu. Það er ekki tekið tillit til vímuefnasýki foreldris en það getur haft áhrif á börn að alast upp á heimili þar sem annað foreldrið eða bæði eiga við vímuefnavanda að stríða. Samkvæmt rannsókn Margrétar Sæmundsdóttur (2004) eiga fangar á Íslandi, í mörgum tilfellum við vímuefnavanda að etja.

8.2 Sálfélagslegur vandi

Fyrri rannsóknir sýna að börn fanga eigi við tilfinningalegan vanda að etja í kjölfar afplánunar foreldris og meðan á henni stendur (Shlafer og Scrignoli, 2015). Það er í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar en hún sýndi að meirihluti viðmælenda átti við ýmsan sálfélagslegan vanda að etja eins og til dæmis kvíða og þunglyndi.

Rannsókn sem Seymour (1998) gerði sýnir að helstu tilfinningar sem börn fanga upplifa eru: Ótti, kvíði, reiði, sorg, einmannaleiki og sektarkennd. Það er í samræmi við þessa rannsókn þar sem viðmælendur lýstu upplifun sinni af því að eiga foreldri í fangelsi. Fimm viðmælendur höfðu fundið fyrir kvíða og þar af hafa tveir verið greindir með ofsakvíðaröskun. Þá hafa viðmælendur einnig upplifað einmannaleika, þunglyndi og reiði.

Kvenkyns viðmælendurnir höfðu allir nema einn upplifað þunglyndi en karlviðmælandinn fann ekki einkenni þunglyndis að eigin sögn. Þetta kemur heim og saman við rannsókn sem bendir á að stúlkur séu frekar í áhættuhóp en strákar við greiningu þunglyndis. Þunglyndi getur

haft áhrif á félagslega virkni viðkomandi (Kamkar, Doyle og Markiewicz, 2012). Ómeðhöndlað þunglyndi hjá barni getur svo leitt til geðraskana á fullorðinsárum viðkomandi (Embætti Landlæknis, 2012). Einn viðmælandi hefur greinst með persónuleikaröskun og upplifði hann einnig þunglyndi á barnsaldri.

Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að námsárangur barna sem eiga foreldri í fangelsi sé lakari en barna sem eiga ekki foreldri í fangelsi (Hagan og Foster, 2012). Það er ekki í samræmi við þessa rannsókn þar sem allir viðmælendur nema tveir höfðu menntað sig og eru með framhaldsmenntun. Því virðast ekki vera sterk tengsl á milli námsárangurs og því að eiga foreldri í fangelsi í þessari rannsókn. Einn viðmælandinn er í framhaldsskóla og annar hefur ekki lokið námi. Þó má sjá að karlkyns viðmælandinn í hópnum átti við hegðunarvanda að stríða og hefur hann ekki lokið námi. Konurnar áttu frekar við sálfélagslegan vanda að stríða en karlinn við hegðunarvanda (Hagan og Foster, 2012; Seymour, 1998). Rannsóknir hafa sýnt að vanlíðan drengja komi frekar fram sem hegðunarvandi en hjá stúlkum komi vanlíðan frekar fram sem sálrænn vandi (Coleman og Hagell, 2007).

Tveir viðmælendur hafa upplifað mikið óöryggi en þeir upplifðu líka að þeim væri ekki sagt satt og rétt frá. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður úr rannsókn Murray, Farrington og Sekol (2012) en samkvæmt þeim eykur það óöryggi hjá barni að finna að þeim sé sagt misvísandi frá.

Einn viðmælandi hefur sýnt sjálfskaðandi hegðun og er það einnig í samræmi við fyrri rannsóknir sem halda því fram að börn fanga séu líklegri til að sýna sjálfskaðandi hegðun (Miller, 2006; Woodward, 2003).

Viðmælendur nefndu jákvæðar afleiðingar af því að ganga í gegnum þá lífsreynslu að eiga foreldri í fangelsi. Að þau hafi getað notað reynslu sína til að styrkja sjálfan sig. Það er í samræmi við niðurstöður úr rannsókn sem gerð var í Ástralíu sem skoðaði áhrif þess að eiga foreldri í fangelsi. Þó ber að geta þess að aukið sjálfstæði gæti stafað af því að börnin hafa þurft að bjarga sér meira sjálf vegna aðstæðna sinna. Þau hafa ekki treyst sér til að biðja aðra um hjálp eða aðstoð vegna þess að þau eru hrædd við að verða stimpluð (Saunders og Mcarthur, 2013). Einnig er unnt að tengja þetta við hugtakið *seiglu* en með því er vísað í þá eiginleika barnsins að komast vel af þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Helstu skýringar þess eru taldar liggja í verndandi þáttum eins og til dæmis fjölskyldu barnsins og persónulegum eiginleikum þess og færni. Þá skiptir stuðningur frá umhverfi barnsins og fjölskyldu máli þegar

það tekst á við mótlæti og erfiðleika (Masten og Reed, 2005; Rutter, 1987; Ungar, 2011). Einn viðmælandi tók fram að hann hefði átt sterka móðurfjölskyldu og föðurömmu sem veittu honum stuðning þegar á móti blés.

8.3 Stimplun

Samkvæmt stimplunarkenningunni upplifa börn sem eiga foreldri í fangelsi fordóma og stimplun frá samfélaginu. Tilfinningar eins og ótti og kvíði geta verið afleiðingar af stimpluninni og er það í samræmi við upplifun viðmælenda í þessari rannsókn. Þau upplifðu öll fordóma frá öðrum í samfélaginu og það jók hjá þeim ótta og kvíða (Phillips og Gates, 2011). Murray, Farrington og Sekol (2012) benda á að stimplun geti haft áhrif á hegðunarvanda barna sem eiga foreldri í fangelsi.

Stimplunarkenningin heldur því einnig fram að einstaklingur sem upplifir sig stimplaðan af samfélaginu upplifi sig minna virði en aðrir (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Einn viðmælandi sagðist hafa upplifað sig minna virði en aðra í samfélaginu og taldi hann það hafa haft áhrif á líf hans. Hann bjó um tíma í ofbeldissambandi af því að hann taldi sig minna virði en aðra og ekki eiga betra skilið.

Það kom fram í þessari rannsókn að viðmælendur upplifðu stimplun frá kennurum og foreldrum skólasystkina sinna. Þetta er í samræmi við vistfræðikenningu Bronfenbrenner. Þar sem hann skýrir samspil einstaklingsins og umhverfis á þroskaferil barnsins. Ef áhrifin eru neikvæð getur það haft neikvæðar afleiðingar fyrir barnið eins og til dæmis geðræn vandkvæði (Bronfenbrenner, 1979; Seymour, 1998).

Svarið við fyrstu rannsóknarspurningunni þar sem spurt var um upplifun barna af því að eiga foreldri í fangelsi, er að líðan barnanna er sambærileg við það sem hefur komið fram í fyrri erlendum rannsóknum. Þau upplifa kvíða, ótta, þunglyndi og einmanaleika á meðal annarra tilfinninga. Þetta veldur þeim erfiðleikum og getur valdið félagslegri einangrun.

8.4 Stuðningur

Önnur rannsóknarspurningin var: Hvernig aðstoð/stuðning fá börn sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi? Niðurstöður í þessari rannsókn sýndu að viðmælendur upplifðu að þeir fengju enga aðstoð. Kerfið hér á landi hefur ekki gert ráð fyrir börnum sem eiga foreldri í fangelsi og því er stuðningur sem þau hljóta af skornum skammti (Lög nr. 49/2005).

Rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldri í fangelsi eru oft í þörf fyrir aðstoð og stuðning frá félagslega kerfinu og skólakerfinu en aðstoðin sem þau fá er samt sem áður mjög takmörkuð. Þeim finnst skilningur á stöðu þeirra vera lítill (Poehlmann, Dallaire, Loper og Shear, 2010). Einn viðmælandi fékk fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi en móðir hennar afplánaði dóm í fangelsi.

Einn viðmælandi talaði um að hann hefði viljað fá stuðning eða ráðgjöf frá Fangelsismálastofnun. Aðrir viðmælendur töluðu ekki um stofnunina, þeir fengu ekki stuðning þaðan. Samkvæmt Dögg Hilmarsdóttur félagsráðgjafa hjá Fangelsismálastofnun er slík aðstoð í boði en aðstandendur þurfa að bera sig eftir henni sjálfir. Dögg nefnir einnig að hægt væri að auka samstarf við barnavernd til að veita börnum sem eiga foreldri í fangelsi stuðning (Dögg Hilmarsdóttir munnleg heimild, 10. mars 2015). Samkvæmt rannsókn Berglindar Óskar Filippíudóttur (2009) vissu aðstandendur oft ekki af því að þessi aðstoð væri í boði. Það væri því mikilvægt að auka aðgengi að upplýsingum fyrir aðstandendur svo þeir gætu nýtt sér þá aðstoð sem í boði er.

Allir þátttakendur í rannsókninni hefðu viljað að fagaðili hefði komið að málum strax í upphafi og útskýrt stöðuna fyrir þeim. Þeim fannst þeir vera einir í heiminum með áhyggjur sínar og vanlíðan og hefðu gjarnan viljað hafa einhvern sem þau gátu rætt opinskátt við, sem dæmdi þau ekki og væri ekki fjölskyldumeðlimur. Það kom í ljós að flestir hefðu óskað eftir að geta tekið þátt í hópumræðu með jafningjum sem byggju við svipaða lífsreynslu og þau og gætu talað um sameiginlega reynslu sína. Það er að segja að hópurinn samanstæði af börnum sem ættu eða hefðu átt foreldri í fangelsi. Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum ætti að vera full ástæða til að veita börnum sem eiga foreldri í fangelsi ráðgjöf og stuðning.

8.5 Félagsráðgjöf

Þriðja rannsóknarspurningin var: Hvernig getur félagsráðgjafi komið að málefnum barna sem eiga foreldri í fangelsi?.

Hópvinna er aðferð þar sem félagsráðgjafar eru vel til þess fallnir að veita skjólstæðingum sínum tækifæri til að deila reynslu sinni og upplifun á meðal jafningja. Þá er hlutverk félagsráðgjafans að skipuleggja hópstarfið og að sjá til þess að hver og einn einstaklingur fái að tjá sig óhindrað um sína persónulegu reynslu og upplifun af því að eiga foreldri í fangelsi. Aðferðin getur stuðlað að aukinni félagsfærni einstaklingsins og hún getur einnig virkað sem stuðningur fyrir einstaklinginn frá jafningjum og hjálpað honum við að auka persónulegan

þroska sinn (Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, 2006; Farley o.fl., 2009).

Félagsráðgjafar hafa í námi sínu kynnt sér lög og reglur sem gilda á Íslandi og þeir hafa einnig þekkingu á velferðarkerfinu. Þeir starfa víða í samfélaginu eins og til dæmis í skólum (Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir, 2008). Þeir gætu veitt börnum og foreldrum þeirra fræðslu í gegnum skólastarfið. Félagsráðgjafar hafa starfað sem skólafélagsráðgjafar og í því starfi eru þeir oft tengiliður skólans við fjölskyldu og samfélag. Þeir geta veitt börnum persónulega ráðgjöf og stuðning og einnig veitt fjölskyldum og skólafélögum ráðgjöf. Félagsráðgjafar beita sér einnig fyrir kennara og stafsfólk skólans (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2009).

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að börn sem eiga foreldri í fangelsi upplifi samskonar tilfinningalegan vanda og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á. Það er þörf á stuðningi og/eða ráðgjöf þeim til handa og eru félagsráðgjafar vel til þess fallnir að veita þeim hann. Bæði ráðgjöf fyrir hvern og einn, einnig eru þeir vel fallnir til að styðja við og stýra hópstarfi. Þar fengi einstaklingurinn tækifæri til að tala um reynslu sína og upplifun við jafningja sem deildu svipaðri reynslu. Það kom einnig í ljós mikilvægi þess að vinna gegn fordómum og stimplun hvers konar. Það er gert með því að vekja athygli á líðan barnanna á almennum vettvangi með því að skapa almennar umræður um stöðu og líðan barna sem eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi.

9 Lokaorð

Það er að mörgu að hyggja þegar foreldri er dæmt til afplánunar í fangelsi. Börnin upplifa að þau gleymist og að ekki sé tillit tekið til líðan þeirra og upplifunar. Fordómar og stimplun sem börnin hafa fundið fyrir frá samfélaginu bendir til að fáfræði ríki um málefni þeirra. Því telur höfundur mikilvægt að opna umræður um málefni barna sem eiga foreldri í fangelsi á almennum vettvangi. Með því má vinna gegn fordómum í samfélaginu.

Skortur er á stuðningi fyrir börn sem hafa átt foreldri í fangelsi og mikilvægt hlýtur að teljast að bæta hann. Stuðningur og ráðgjöf gætu hjálpað barni að takast á við erfiðar tilfinningar og þar með auðveldað því að ná markmiðum sínum.

Það er von höfundar að rannsókn þessi megi verða til þess að vekja upp umræður á almennum vettvangi um málefni barna sem eiga foreldri í fangelsi. Rannsóknin hefur vakið upp spurningar hjá höfundi og vangaveltur um til dæmis hvaða tilgangi nafnbirtingar í fjölmiðlum þjóni? Er það gert í forvarnarskyni og er það þá að virka sem skyldi? Viðmælendur töluðu allir um nafnbirtingar í fjölmiðlum og fannst þær vera ósanngjarnar og í rauninni bitna mest á börnum fanganna. Það væri jákvætt ef þessi rannsókn myndi stuðla að frekari rannsóknum á líðan barna sem eiga foreldri í fangelsi og þá væri megindleg rannsókn vel til þess fallin að sjá hvort börn fanga almennt séu að upplifa svipaða erfiðleika og viðmælendur þessarar rannsóknar. Þá væri hægt að byggja upp og skipuleggja markvissa aðstoð og fræðslu frá fagfólki til handa börnum fanga. Einnig mætti vera fræðsla fyrir almenning og fagstéttir innan skólakerfisins. Sú aðstoð þyrfti að vera auðsótt og upplýsingar um hvar hana mætti finna þyrftu að vera sýnilegar.

Niðurstöður í þessari rannsókn sýna glöggt að börn eru að glíma við ýmiskonar sálfélagslegan vanda í kjölfar afplánunar foreldris. Það væri líka fróðlegt að kanna hvort munur er á upplifun barna eftir því hvort þau eru strákar eða stelpur og einnig hvort munur sé á líðan og upplifun þeirra eftir því hvort það er móðir þeirra eða faðir sem afplánar dóm. Þessi rannsókn bendir til að þarna sé munur á en vegna þess hve úrtakið var lítið er ekki hægt að alhæfa um það en vissulega eru vísbendingar um að svo sé.

Félagsráðgjöf byggir á þekkingu og heildarsýn. Heildarsýn felur í sér að tillit er tekið til allra áhrifaþátta í lífi einstaklings. Félagsráðgjafar eru einkar vel til þess fallnir að starfa með börnum sem eiga foreldri í fangelsi og glíma við fjölþættan vanda.

Það er tilfinning höfundar að þeir viðmælendur sem hægt var að ná í og tala við séu þeir sem lengst eru komnir við að vinna úr upplifun sinni og að þeir séu einnig með hærra menntunarstig en þeir sem ekki náðist í. Höfundur veltir fyrir sér hvort það sé hópur úti í samfélaginu sem ekki treystir sér til að koma fram og ræða um upplifun sína af því að eiga eða hafa átt foreldri í fangelsi, það er að segja þeir sem erfiðara var að ná til þegar þessi rannsókn var gerð, möguleg ástæða þess gæti verið að þeir hafi ekki náð að vinna úr afleiðingum þessarar erfiðu lífsreynslu og eigi erfitt með að rifja hana upp.

Þegar litið er til baka er höfundi þakklæti efst í huga yfir því hversu viljugir þeir viðmælendur sem náðist í voru að taka þátt í rannsókninni. Einhverjir höfðu á orði að löngu væri orðið tímabært að skoða líðan og reynslu barna sem eiga foreldri í fangelsi. Þátttaka þeirra í rannsókninni og reynsla var bæði lærdómsrík fyrir rannsakanda og sérstaklega gefandi.

_____

Svava Davíðsdóttir

Heimildaskrá

Adams, R. (1996). *Social work and empowerment*. Basingstoke: Macmillan.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO). (2016, apríl). *Mental health: strengthening our response*. Sótt 3. október 2016 af http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs220/en/

American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (5. Útgáfa). Arlington, VA: Höfundur.

Anthony, E. J. (1987). Children at high risk for psychosis growing up successfully. Í E. J. Anthony og B. J. Cohler (ritstjórar), *The invulerable child* (bls. 147-184). New York NY: Guilford.

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2001). *Sálfræði einkalífsins*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir. (2008). Ágrip af sögu Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Í Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir (ritnefnd), *Félagsráðgjafatal* (bls. 11-48). Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Bateson, G. (1972). *Steps to an ecology of mind*. New York: Ballantine Books.

Becker, H. S. (1963). *Outsiders – studies in the sociology of deviance*. The Macmillan company: USA.

Berglind Ósk Filippíudóttir. (2009). *Upplýsingaþörf, upplýsingamiðlun og mikilvægi fjölskyldutengsla í fangelsisvist – viðhorf aðstandenda fanga og íslenskra afplánunarfanga*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafadeild.

Berk, L. E. (2009). *Development through the lifespan*. Boston: Pearson Education.

Bernal, M. E., og Knight, G. P. (1993). *Ethnic identity: Formation and transmission among Hispanics and other minorities*. Albany: State University of New York Press.

Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir. (2006) Geðheilbrigði og félagsleg tengsl. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 172–186). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir. (2004). *Hegðunarvandamál barna og unglinga.* Sótt 14. október 2016 af http://www.persona.is/index.php?template=print&action=articles&method=display&aid=160&pid=18

Blos, P. (1962). *On Adolescence : A psychoanalytic interpertation*. New York: The Free Press.

Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Bronfenbrenner, U. (1986). Ecology of the Family as a Context for Human Development: Research Perspectives. *Developmental Psychology, 22*(6), 723-742.

Bronfenbrenner, U. (1994). Ecological models of human development. Í M. Gauvain og M. Cole (ritstjórar.), *Readings on the development of children* (2. útgáfa) (bls. 37-43). New York: Freeman.

Canadian Public Health Association. (2004). Describing the inmate population. *Canadian Journal of Public Health, 95*, S12-S18. Sótt 22. september 2016 af http://search.proquest.com/docview/232001668?accountid=135943

Child Welfare Information Gateway. (2015). *Child welfare practice with families affected by parental incarceration*. Washington, DC: U.S. Department of Health and Human Services, Children's Bureau.

Codd, H. (2008). *In the shadow of prison: Families, imprisonment and criminal justice.* Devon: Willan Publishing.

Coleman, J. og Hagell, A. (2007). *Adolescence, risk and resilience*. West Sussex: John Wiley & Sons.

Cullberg, J. (1990). *Kreppa og þroski* (4. útgáfa). Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar h.f.

DeBruin, K.(2012). Support after loss: Straight talk from young widowed parents. *Master of Social Work Clinical Research Papers.* Paper 123. St. Catherine University: University of St. Thomas.

Dekovic, M., og Meeus, W. (1997). Peer relations in adolescence: Effects of parenting and adolescents' self-concept. *Journal of Adolescence*, *20*(2), 163-176.

Despard, M.R. og Chowa, G. A. N. (2010). Social Workers Interest in Building Individuals Financial Capabilities. *The Journal of Financial Therapy, 1*(1), 23-41.

Eiríkur Örn Arnarson. (2010). Forvörn þunglyndis hjá ungmennum. *Geðvernd, 39*(1), 30-34.

Eiríkur Örn Arnarsson. (2001). Þunglyndi meðal ungmenna og fyrirbyggjandi aðgerðir. *Geðvernd, 30* (1), 23-26.

Embætti Landlæknis. (2012). *Börn og þunglyndi*. Sótt 11. október 2016 af http://www.landlaeknir.is/um-embaettid/greinar/grein/item16386/Born_og_tunglyndi

Erla Þórðardóttir (1999). Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa. *Félagsráðgjafablaðið 8*(1),12-15.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw Hill.

Fangelsismálastofnun ríksins. (e.d.-a). *Fangelsismálastofnun ríkisins*. Sótt 2. október 2016 af http://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/

Fangelsismálastofnun. (e.d.-b). *Fangelsi ríkisins.* Sótt 2. október 2016 af http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/

Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2009). *Introduction to Social Work* (11. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn and Bacon.

Farrington, D. P. (1992). Juvenile Delinquency. *The school years*. Í John C. Coleman (ritstjóri). (2. útgáfa). London: Routledge.

Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 13. nóvember 2016 af http://www.felagsradgjof.is/Stjorn/Sidareglur_islenskra_felagsradgjafa/

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V: félagsvísindadeild* (bls. 315–324). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Graunbøl, H., Kielstrup, B., Muiluvuori, M., Tyni, S., Erlendur Sigurður Baldursson, Hafdís Guðmundsdóttir, Lindstén, K. (2010). *Retur: En nordisk undersögelse af recidic blandt klienter i kriminalforsorgen.* Oslo: Kriminalomsorgen, Kriminalvården, Fangelsismálastofnun ríkisins, Rikosseuraamuslaitds og Kriminalforsorgen. Sótt 20. september 2016 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/RETUREnnordiskundersogelseafrecidiv.pdf

Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir. (2010). Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa, 4*(1), 35-38.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir. (2009). *Saga og þróun skólafélagsráðgjafar*. Sótt 12. október 2016 af https://skolafelagsradgjof.wordpress.com/category/um-skolafelagsra%C3%B0gjof/

Gústavsdóttir, K. og Piltz, K. G. (1995). *Den osynlige familjen: Samarbetspartner eller syndabock.* Göteborg: Ask och Embla.

Hagan, J., og Foster, H. (2012). Children of the american prison generation: Student and school spillover effects of incarcerating mothers. *Law & Society Review, 46*(1), 37-69.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Talnaefni. *Meðalfjöldi fanga 1995-2013*. Sótt 24. maí 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__domsmal__afbrot/KOS02103.px/?rxid=644c97ee-5489-4244-b6f4-2783171f06ea

Hairston, C. F. (2002, janúar). *Prisoners and Families: Parenting Issues During Incarceration.* Sótt 8. október 2016 af http://www.urban.org/sites/default/files/alfresco/publication-pdfs/410628-Prisoners-and-Families-Parenting-Issues-During-Incarceration.PDF

Hamsund, H. og Sandvik, A. B. (2010). De skjulte straffede-Konsekvenser for pårørende når en i familien fengsles. Í Nilsen, L., Bjøro, K. L. K., Wego, E. og Bredal, I. S (ritstjórar), *Det sårbare mennesket.* Stavanger: Hertervig Forlag

Hansen, G.V., Arvesen, P. A. og Tonholm, T. (2013). Pappa i fengsel – Hvordan ivaretas familien? *Tidsskriftet Norges barnevern, 90*(4), 184-194.

Hardy, T. og Snowden, M. (2010). Familial impact of imprisonment and the community specialist practitioner. *Community Practitioner, 83*, 21-24.

Heath, M.A., Leavy, D., Hansen, K., Ryan, K. og Lawre, L. (2008). Coping with Grief: Guidelines and resources for assisting children. *Intervention in school and clinic, 43*, 259-269.

Holtslander, L. (2008). Caring for bereaved family caregivers: Analyzing the context of care. *Clinical Journal of Oncology Nursing, 12*(3), 501-506.

Hrefna Ólafsdóttir. (2006) Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Inga Hrefna Jónsdóttir, Rósa María Guðmundsdóttir, Vera Siemsen og Þórunn Gunnarsdóttir (ritstjórar). (2010). *Ham, handbók um hugræna atferlismeðferð*. Sótt 10. október af 2016 af http://ham.reykjalundur.is/medferdarhandbok/

International association of schools of social work (2014). *Global defenition of the social work profession.* Sótt 14. nóvember 2016 af https://www.iassw-aiets.org/global-definition-of-social-work-review-of-the-global-definition/

Íslensk orðabók. (2007). Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Edda útgáfa.

Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmynd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI -Félagsvísindadeild* (bls. 111-121). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.

Jón Gunnar Bernburg. (2009). Labeling Theory. Í Krohn, M.D., Lizotte, A.D., Hall, G.P. (ritstjórar), *Handbook on Crime and Deviance*. New York: Springer.

Kamkar, K., Doyle, A., og Markiewicz, D. (2012). Insecure attachment to parents and depressive symptoms in early adolescence: Mediating roles of attributions and selfesteem. *International Journal of Psychological Studies, 4*(2), 3-18.

Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

King, K. (2004). It hurts so bad: Comparing grieving patterns of the families of murder victims with those of families of death row inmates. *Criminal Justice Policy Review, 15*(2), 193-211.

Krupat, T., Gaynes, E. og Lincroft, Y. (2011). *A call to action: Safeguarding New York's children of incarcerated parents.* New York: New York Initiative for Children of Incarcerated Parents, Osborne Association.

La Vigne N, Davies E og Brazzell D. (2008, febrúar). *Broken bonds: Understanding and addressing the needs of children with incarcerated parents*. Washington, DC: The Urban Institute.

Lára Björnsdóttir. (2006) Heildrænt skipulag heilbrigðis og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-62). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Liska, A. E., og Messner, S., F. (1999). *Perspective on crime and deviance* (3. útgáfa). Prentice-Hall: New Jersey.

Luthar, S.S., Ciccetti, D. og Becker, B. (2000). The construct of resilience: A critical evaluation and guidelines for future work. *Child Development, 71*(3), 543-562.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Manger, T., Eikeland, O.J., Asbjørnsen, A. og Langelid, T. (2006). Educational Intentions Among Prison Inmates. *European Journal on Criminal Policy and Research, 12*(1), 35 48.

Margrét Sæmundsdóttir. (2004). *Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins 2003*. Sótt 7. október 2016 af http://www.fangelsi.is/media//stofnunin/A2003leidrett.pdf

Masten, A. S. og Reed, M. J. (2005). Resilience in development. Í C. R. Snyder og S. J. Lopez (ritstjórar), *Handbook of positive psychology* (bls. 74–88). Oxford: Oxford University Press.

Miller, K. M. (2006). The impact of parental incarceration on children: An emerging need for effective interventions. *Child and Adolescent Social Work Journal, 23*(4), 472-486.

Murray, J., Farrington, D.P. og Sekol, I. (2012). Children's antisocial behavior, mental health, drug use, and educational performance after parental incarceration: A systematic review and meta-analysis. *Psychological Association, 138*(2), 175–210

Murray, J., Farrington, D.P., Sekol, I. og Olsen, R.F. (2009) Effects of parental imprisonment on child antisocial behaviour and mental health: a systematic review. *Campbell Systematic Reviews, 4,* 1–105.

Oko, J. (2008). *Understanding and using theory in social work.* Exeter: Learning Matters.

Olsen, R. F. (2014). Forældres fængsling - En stratificerende livsbegivenhed? *Dansk Sociologi, 25*(1), 56-81,101.

Padgett,D.K. (2008). *Qualitative methods in social work research* (önnur útgáfa). New York: Sage.

Paola Scommegna. (2014). *Parents' Imprisonment Linked to Children's Health, Behavioral Problems*. Sótt 14. Október 2016 af http://www.prb.org/Publications/Articles/2014/incarcerated-parents-and-childrens-health.aspx

Payne, M. (2005). *Modern social work theory: A critical introduction* (3. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Phillips, S. D., og Gates, T. (2011). A conceptual framework for understanding the stigmatization of children of incarcerated parents. *Journal of Child and Family Studies, 20*(3), 286-294.

Pizzolongo, P. J. og Hunter, A. (2011). I am safe and secure: Promoting resilience in young children. *Young Children, 66*(2), 67-69.

Poehlmann, J., Dallaire, D., Loper, A.B. og Shear, L. (2010). Children's contact with their incarcerated parents: Research findings and recommendations. *American Psychologist, 65*(6), 575–598.

Prevatt, F. F. (2003). The contribution of parenting practices in a risk and resiliency model of children´s adjustment. *The Brittish Journal of Developmental Psychology, 21*(4), 469-480.

Raver, C. C. (2004). Placing emotional self-regulation in sociocultural and socioeconomic contexts. *Child Development, 75*(2), bls. 346-353.

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*. Sótt 20. mars 2015 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/gjaldskrar/Reglur_um_fj_rhagsa_sto__jan_ar_2013.pdf

Ritzes, D. C. (1980). Beyond the looking glass self: Cooley's social self and its treatment in introductory textbooks. *Contemporary Sociology, 9*(5), 631-640.

Rutter, M. (1987). Psychosocial resilience and protective mechanism. *American Journal of Orthopsychiatry, 57*(3), 316–331.

Sadock, B. J., Sadock, V. A. og Ruiz, P. (2015). *Kaplan & Sadock's synopsis of psychiatry: Behavioral sciences/clinical psychiatry* (11 útgáfa). Philadelphia: Wolters Kluwer, Lippincott Williams & Wilkins.

Saunders, V. og Mcarthur, M. (2013, október). *Children of Prisoners: Exploring the needs of children and young people who have a parent incarcerated in the Australian Capital Territory*. Institute of Child Protection Studies: Australian Catholic University.

Schoenbauer, L.J. (1986). Incarcerated parents and their children- forgotten families. *Law and inequality, 4*, 579-601.

Seymour, C. (1998). Children with parents in prison: Child welfare policy, program, and practice issues. *Child Welfare, 77*(5), 469-93.

Shlafer, R. J., og Scrignoli, A. (2015). Tough topic, necessary reading: Finding books for children with incarcerated parents. *Children & Libraries, 13*(1), 24-28.

Shonkoff, J. P. og Phillips, D. A. (2000). *From neurons to neighborhoods: The science of early childhood development*. Washington: National Academy Press.

Sigríður Halldórsdóttir (2013). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir (2013). Yfirlit yfir rannsóknarferlið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 61-69). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006-a). Vísindi og vald: Rannsóknarviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjáfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa, 1*, 31-41.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006-b). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu - eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Sigurður Kristinsson (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Sigurlína Davíðsdóttir (2013). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Smith, P.S. og Jakobsen, J. (2010). *Når straffen rammer uskyldige: Børn af fængslede i Danmark*. København: Gyldendal.

Stroebe, M.S., Hanson, R.O., Schut, H. og Stroebe, W. (2011). Bereavement reasearch: Contemporary perspectives. Í Stroebe, M.S., Hanson, R.O., Schut, H. og Stroebe, W. (ritstjórar). *Handbook of bereavement research and practice: Advances in theory and intervention* (3-25). Washington: American Psychological Associtation.

Thompson, N. (2009). *Understanding social work: Preparing for practice* (3. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Tómas Zoega. (2001). *Kvíði, greining og meðferð*. Sótt 8. september 2016 af http://hirsla.lsh.is/lsh/bitstream/2336/97516/1/G2001-01-30-G5.PDF

Ungar, M. (2011). The social ecology of resilience: Addressing the contextual and cultural ambiguity of a nascent construct. *American Journal of Orthopsychiatry, 81*(1), 1-17.

Vigdís Jónsdóttir. (2006). Sjúkrastofnun og fagleg þjónusta. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 162–171). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ward, R. H. (1971). The labeling theory*: A critical analysis. Criminology, 9*, 268-290.

Weiss, R. S. (2011). The Nature and Causes of Grief. Í M. S. Stroebe, R. O. Hanson, H. Schut og W. Stroebe (ritstjórar). *Handbook of Bereavement Research and Practice: Advances in Theory and Intervention* (bls. 29-44). Washington: American Psychological Association.

Woodward, R. (2003, september). *Families of prisoners: Literature review on issues and difficulties.* (Skýrsla nr.10). Australian Government: Department of Family and Community Services.

Þingskjal 1462. (2014-2015). Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Páli Val Björnssyni um afplánun í fangelsi. *Alþingistíðindi A- deild*, *144*, vefútgáfa Alþingistíðinda, sótt 24. Október 2016 af http://www.althingi.is/altext/144/s/1462.html

Þingskjal 399. (2015 – 2016). Frumvarp til laga um fullnustu refsinga. *Alþingistíðindi A- deild, 145*, vefútgáfa Alþingistíðinda, sótt 23. október 2016 af http://www.althingi.is/altext/145/s/0399.html

Viðauki 1. Viðtalsvísir

1. Fjölskyldustaða – hjúskaparstaða ?
2. Atvinna – Menntun ?
3. Getur þú sagt frá bernsku þinni, hvar ertu fædd/ur ?
4. Hvar ólst þú upp ?
5. Afplánaði móðir þín eða faðir fangelsisdóm ?
6. Á hvaða aldri varst þú ?
7. Hvernig fékkstu vitneskju um fangelsisvist móður/föður ?
8. Hvernig var samband þitt við foreldrið sem afplánaði í fangelsi?
9. Hvernig var samskiptum á milli ykkar háttað og hver var upplifun þín af þeim ?
10. Hvernig eru samskiptum á milli ykkar háttað í dag ?
11. Var einhver sem útskýrði stöðuna fyrir þér ?
12. Hvernig var/er samband þitt við foreldrið sem var ekki í afplánun ?
13. Heldur þú að afplánun foreldri þíns hafi haft afleiðingar fyrir þig og ef svo er þá hverjar?
14. Fékkst þú hjálp við að taka á aðstæðum frá fagfólki? Ef svo er þá frá hverjum og hvernig?
15. Ef þú fengir einhverju ráðið, hvernig myndir þú vilja haga stuðning og/eða fræðslu fyrir aðstandendur?
16. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri ?

Viðauki 2. Upplýst samþykki

Rannsóknaraðili

Svava Davíðsdóttir, MA nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Netfang: svd4@hi.is

Leiðbeinandi

Dr. Steinunn Hrafnsdóttir, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Aðstoðarleiðbeinandi

Berglind Ósk Filippíudóttir, félagsráðgjafi hjá Mosfellsbæ

Stutt lýsing á rannsókn

Rannsóknin er hluti af MA- ritgerð Svövu Davíðsdóttur í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna reynslu og upplifun einstaklinga sem voru undir átján ára aldri þegar þeir áttu foreldri í fangelsi. Hvaða áhrif hafði fangelsisvist foreldris á daglegt líf og framtíð einstaklingsins? Er upplifun einstaklinga mismunandi eftir því hvort foreldrið sem afplánar fangelsisdóm er móðir eða faðir. Rannsakandi telur mikilvægt að kanna áhrif fangelsisvistar foreldris á einstaklinginn, með tilliti til hvort þörf sé á faglegri þjónustu og úrræðum til handa aðstandendum fanga á Íslandi.

Þátttaka þín í rannsókninni er mikilvæg svo unnt sé að auka þekkingu á aðstæðum aðstandenda fanga og vinna gegn fordómum sem aðstandendur kunna að hafa fundið fyrir. Með þátttöku þinni upplýsum við að farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál, nöfn koma hvergi fram og gögnum er eytt að lokinni úrvinnslu viðtala. Þér ber ekki skylda til að svara öllum spurningum og þú getur hætt þátttöku á hvað stigi rannsóknarinnar sem er. Í viðtalinu verður leitað eftir viðhorfum þínum, reynslu, óskum og uppástungum.

_____

Undirskrift þátttakenda

_____ _____

Undirskrift rannsóknaraðila Undirskrift leiðbeinenda